



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 14. FEBRÚAR 2023 // 7. TBL. // 45. ÁRG.

Gríðarlegt eignatjón í eldgosi



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Gríðarlegt eignatjón varð þegar hraun rann yfir Grindavíkurveg og í framhaldinu á heitavatnslögnina sem liggur frá Svartsengi og til Fitja í eldgosi sem hófst snemma morguns síðasta fimmtudag. Hraunið rann með miklum hraða og það var mikið sjónarspil þegar það náði Grindavíkurvegi og malbikið fór að brenna. Hraunið var örfáar mínútur að renna yfir Grindavíkurvegin og á um klukkustund náði það til hitaveitulagnarinnar og rauf hana þannig að Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar urðu án hitaveitu. Nánar í blaði vikunnar.

Meðalleiga á fermetra utan höfuðborgarsvæðisins hæst í Reykjanesbæ

Meðalleiga á hvern fermetra íbúðarhúsnæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins var hæst í Reykjanesbæ á síðasta ári, um 2.900 krónur í Keflavík og Njarðvík (230 og 260) en þar var hún um sex prósentum hærrí en á Sel-fossi. Þetta kemur fram í nýrri leiguskrá HMS.

Samkvæmt leiguskránni var algengt fermetraverð í nágrenni höfuðborgarsvæðisins frá 2.400 kr. upp í 3.000 kr. en meðal-leigufjárhæð þar var á bilinu 197–250 þúsund. Ódýrasta meðalleigan var í Grindavík eða 197.808 kr. Þar mátti einnig finna minnstu meðalstærðina á íbúðum en þær voru að meðaltali 81 fermetri að stærð. Meðalstærð íbúða var einnig svipuð í Reykjanesbæ og í Vogum á Vatnsleysuströnd en þar er hún 84 og 83 fermetrar.

Meðalstærð leiguhúsnæðis var hins vegar mest í Þorlákshöfn og Garði en leigubúðir þar eru að jafnaði tæplega 100 fermetrar. Þó ber að varast draga miklar ályktanir um gögnin í Þorlákshöfn, Garði og Sandgerði þar sem fjöldi samninga sem undirritaðir voru í fyrra á þessum stöðum var um og undir tuttugu talsins og því er úrtakið takmarkað þar.

Ný hitaveita og raforka frá nýrri sorpbrennslustöð?

Ný sorpbrennslustöð fyrir allt landið sem staðsett yrði á Suðurnesjum gæti einnig nýst til að framleiða raforku og heitt vatn. Staðsetning í Helgúvík hefur verið í umræðunni. Forsætisráðherra staðfesti þetta í viðtali við Víkurfréttir þegar hún var spurð um fleiri möguleika á nýrri hitaveitu vegna afleiðinga eldgosa við Grindavík.

„Það hafa verið uppi hugmyndir hér um sorpbrennslustöð og mögulega nýtingu hennar en það er eitthvað sem á eftir að skoða til fulls. Það eru dæmi um vel heppnuð slík verkefni t.d. á Norðurlöndum. Ég heyrir

það að sveitarstjórnarfolk og þau sem eru hér í hringiðunni eru að velta fyrir sér þessum ólíku leiðum. Við erum sammála um að dreifstýrðari leiðir dreifa áhættunni.“

Forsætisráðherra nefndi einnig fleiri möguleika í hitaveitugerð. „Við erum þegar lögð af stað með að fara í boranir til að kanna lághitasvæði á Njarðvíkurheiði. Þannig að það er verið að skoða ýmsa möguleika,“ sagði Katrín Jakobsdóttir þegar hún heimsótti Suðurnesin í upphafi vikunnar.

Mokveiði að undanfögnu

Mokveiði hefur verið að undanfögnu hjá línubátum og eru dæmi um að sami báturinn hafi þurft að fara þrjár ferðir til að geta dregið línuna. Eins hafa færabátarnir verið í góðri veiði við Hafnarbergið og Reykjanesið en þar hafa þeir verið að eltast við ufsa.

Daðey GK lenti í ævintýraveiði og þurfti að fara landa þrisvar úr sömu veiðiferðinni en alls gerði það 28,6 tonn, eða um 650 kg. á

bala. Hulda GK kom með 20 tonn úr einum túrnunum þar sem fara þurfti aukaferð eftir fiski, þar var meðaltalið 759 kg. á bala. Mörg dæmi eru um að bátar hafi farið tvisvar sinnum eftir öllum aflunum á línunni. „Það er nokkuð ljóst að það er nóg af fiski í sjónum hérna við ströndina því þessi mokveiði hefur verið stutt frá Sandgerði og allt innan við þrjár mílurnar,“ segir í pistli Gísla Reynissonar, aflafréttum, í blaði vikunnar.

Risa apptilboð!

Helmingsafsláttur af sviðahausum í appinu



50%
apptiláttur

nettó

Gildir 15.–18. febrúar, meðan birgðir endast.

Purfum að móta heildarsýn sem tekur mið af þessari náttúruvá

■ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, sem heim-sótti Suðurnesin. Aðrir möguleikar með heitt vatn skoðaðir á lágheitsvæði á Njarðvíkurheiði.

„Það er þannig að orkumálin eru efst á baugi hjá öllum. Við þurfum að móta heildarsýn fyrir þetta svæði. Það er vinna farin af stað hér og þar um þau mál en það þarf að hafa heildarsýn sem tekur mið af þeirri náttúruvá sem við getum reiknað með á komandi misserum og árum,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, en hún heimsótti sveitarfélögin á Suðurnesjum á mánudag þar sem hún átti samtali við ráðamenn um þá stöðu sem nú er uppi í kjölfar heitavatsleysis sem varð þegar hraunstraumur frá eldgosinu rauf heitavatslögn síðastliðinn fimmtudag.

Katrín hóf daginn á fundi í Suðurnesjabæ. Þaðan fór hún til fundar í Reykjanesbæ. Áður en haldið var í Sveitarfélagið Voga kom hún við í aðgerðastjórn almanna- og slökkvistöðinni í Reykjanesbæ. Katrín fór svo og skoðaði bráðabirgðalögnina sem lögð hefur verið yfir hraunið við orkuverid í Svartsengi. Þá fundaði hún með HS Veitum og HS Orku í Svartsengi.

Framleiðsla og flutningskerfi taki mið af náttúruvá

„Við höfum búið við alveg ótrúleg forréttindi undanfarnar aldir getum við sagt á þessu svæði og heita vatnið sem hér er, þessi mikla auðlind og þessi mikla orka, sprettur úr því að hér er eldvirk

svæði. Það er búið að vera að kortleggja og máta ólíkar sviðsmyndir. Það þarf að horfa til þess að bæði flutningskerfi og framleiðsla þarf að taka mið af því hvað við getum búist við náttúruvá á næstu árum og áratugum. Það eru kannski ekki endilega hagkvæmstu leiðirnar. Þarna þurfum við að horfa á ákveðna dreifistýringu, þannig að við séum með varaleiðir fyrir það sem uppá getur komið. Við þurfum að horfa á hvernig flutningskerfið er skipulagt. Eins og staðan er núna erum við með stóran hluta flutningskerfisins á því svæði sem er mjög viðkvæmt fyrir náttúruvá. Auðvitað kannski eðlilega því það hefur verið metin hagkvæmasta leiðin og stysta leiðin. Þetta þarf að skoða með okkar bestu sér-



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, í aðgerðarstjórninni í Reykjanesbæ á tali við Úlfar Lüðvíksson, lögreglustjóra, og hans fólk. VF/pket

fræðingum. Mér finnst hins vegar þetta fólk sem er að vinna hjá HS Veitum og HS Orku búið að vinna alveg ótrúlegt starf á undanföllum dögum, að bregðast mjög skjótt við.

Það má ekki gleyma því að þessi lögn sem gekk ekki eftir að setja í gang á föstudaginn, hún hafði verið í undirbúningi frá því í nóvember og það var búið að vera að meta aðrar leiðir, varnargarða og annað slíkt, sem var ekki metið fýsilegt. Það er búið að vera að vinna í þessu. Það sem þarf núna að gera í þessu, og það þarf að finna þann tíma sem er til staðar þegar fólk er í stöðvug viðbragði, það er að horfa til lengri tíma sýnar.“

Nú er ljóst að heita vatnið spilar stórt hlutverk í öllu hérna. Það sýndi sig núna þegar Reykjanes-skaginn verður heitavatslaus.

„Þetta var sviðsmynd sem við sögðum að gæti komið upp. Ég vil líka segja það, og ég hef hitt allmarga í morgun, og því líkt aðru-leysi og því lík jákveðni gagnvart því að takast á við þessa stöðu.“

Eitt af því sem komið hefur upp í umræðuna er að það þurfi að vera önnur hitaveita og það er alveg ljóst að hún kostar fullt af peningum. Er það eitthvað sem þú sérð sem sterkan möguleika að farið verði í?

„Já, við erum þegar lögð af stað með að fara í boranir til að kanna lágheitsvæði á Njarðvíkurheiði.

Það er farið af stað. Það hafa verið uppi hugmyndir hér um sorp-brennslustöð og mögulega nýtingu hennar, en það er eitthvað sem á eftir að skoða til fulls. Ég heyri það að sveitarstjórnarfolk og þau sem eru hér í hringiðunni eru að velta fyrir sér þessum ólíku leiðum, eins og ég segi dreifistýrari leiðir dreifa áhættunni.“

Úrlausnarefni fyrir okkur

Einn möguleiki hefur verið að nýta Reykjanesvirkjun og flytja hitaveitu til Njarðvíkur þannig.

„Það er eitt af því sem er líka til umræðu. Þetta eru allt þessar framtíðarleiðir. Í dag erum við bara hins vegar að hugsa um lögnina og hvernig mun ganga að koma heitu vatni á. Það er viðbragð dagsins og alveg ótrúlega gott fólk sem hefur verið í þessu allan sólarhringinn undanfarna daga.“

Þetta er þínu snúið þar sem eignarhaldið kemur inn í þetta og hver ætti að bera kostnað af nýrri hitaveitu.

„Það er eitt af því sem við þurfum að ræða. Stjórnvöld, orkufyrirtækin og veitufyrirtækin eru líka lykilaðili. Hér hefur fólk verið að hita hibiýli sín upp með rafmagn en kerfið er ekki gert fyrir það. Hér hefur fólk þurft að spara rafmagn í nokkra daga. Þetta er auðvitað úrlausnarefni fyrir okkur.“

Sem að þið munið vinna á næstunni?

„Já, algjörlega. Þetta dreifist víða um stjórnkerfið og ástæðan fyrir því að ég er hér í dag er meðal annars að ég vil tryggja að þetta verkefni fari af stað með samræmdum hætti. Það er búið að vinna í þessu máli hér og þar í kerfinu og nú þarf að setja þetta allt saman í eina mynd.“

Það er búið að tala mikið um þetta í mörg ár. Er ekki komið að því núna að nepla einhverjar áætlanir og setja eitthvað í gang?

„Það þarf að setja eitthvað í gang. Það er búið að ræða mikið og kortleggja mikið en nú þarf að keyra af stað og ég heyri að það eru allir tilbúnir í það. Allir tilbúnir til að vinna saman. Hér eru sameiginlegir hagsmunir þó þetta séu ólík sveitarfélög og það skiptir öllu máli að þau vinni saman að þessu með stjórnvöldum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, í samtali við Víkurfréttir.

Páll Ketilsson
pket@vf.is

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is

Allt hreint
Umhverfissvöluð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

Fasteignakaup í Grindavík verða kláruð fljótlega

„Það er mikil samstaða í þinginu að vinna hratt í þessu máli og ljúka því sem fyrst þannig að fólk geti farið að gera áætlanir, ljúka óvissunni í þessu máli. Ef við horfum upp á það að þetta geti orðið viðvarandi ástand þurfum við að grípa inn í. Það eru allir sammála um það í þinginu en líklega verða aldrei allir sáttir en ég sé þó að mörgum hugnast þessi lausn ágætlega,“ segir forsætisráðherra um það að Ríkissjóður kaupi íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga í Grindavík og taki yfir íbúðalán þeirra. Umfang aðgerðarinnar er metið allt að 61 milljarði króna.

Félag í eigu ríkisins mun annast framkvæmdina

Til þess að framkvæma aðgerðina mun ríkið stofna og fjármagna sérstakt félag, Fasteignafélagið Þórkötlu. Það mun hafa það hlutverk að kaupa fasteignirnar og bera ábyrgð á rekstri þeirra fyrir hönd ríkissjóðs. Félagið mun bera allan umsýslukostnað vegna kaupa á fasteignunum. Gert er ráð fyrir að félagið eigi tilkall til mögulegra bóta úr Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ) og beri mögulegan kostnað við niðurrif komi til þess.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fasteignirnar verði keyptar á verði sem nemur 95% af brunabótamati að frádregnum veðskuldum. Kaupverðið byggir á samsvörum við bótageiðslur úr Náttúruhamfaratryggingu Íslands en ljóst er að mikil óvissa er um framtíð íbúðarhúsnæðisins, t.d. möguleg förgun.

Fjármögnun félagsins verður með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi, með láni lánveitenda í Grindavík og ríkissjóðs. Þannig mæta lánveitendur þeirri óvissu sem er uppi um virði eigna á svæðinu. Í öðru lagi, með eiginfjárframlagi frá ríkissjóði. Enn er gert ráð fyrir að hluti af framlagi ríkissjóðs sé fjármagnaður með eignum NTÍ.

Upplýsingasíða fyrir Grindavík

Þegar frumvarpið hefur verið afgreitt frá Alþingi verður leiðbeiningum um hvað Grindvíkingar þurfa að undirbúa fyrir umsóknina sem og umsókn um uppkaupt komið fyrir á upplýsingasíðu Grindvíkinga á Island.is. Sömuleiðis verður þar að finna algengar spurningar varðandi undirbúning og útfærslur aðgerðarinnar. Er þetta gert til að auðvelda afgreiðslu á stuðningi stjórnvalda til Grindvíkinga. Umsókn um uppkaupt verður gefinn rúmur tími og verður opið fyrir þær til 1. júlí 2024. Þeim sem geta ekki nýtt sér stafræna umsókn á Island.is eða eru undanþegnir lögheimilisskráningu á þessum tíma er bent á þjónustumiðstöð Grindvíkinga í Tollhúsinu.



Katrín Jakobsdóttir skoðaði aðstæður þar sem nýja heita vatnslögnin er í Svartsengi.

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINN DU OKKUR Á FACEBOOK

NIVEA

STINNIR HÚÐINA Í ANDLITI, HÁLSI & BRINGU

SJÁANLEGUR ÁRANGUR Á 1 VIKU

**100% NÁTTÚRULEGT
BAKUCHIOL**

**EYKUR NÁTTÚRULEGA
FRAMLEIÐSLU Á KOLLAGENI***



*(í tilraunaglas)

Strax verði farið í að skipuleggja heildar-íþróttasvæði Keflavíkur og Njarðvíkur

„Sjálftæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að strax verði farið í að skipuleggja heildar-íþróttasvæði Keflavíkur og Njarðvíkur eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Sérstaklega er það mikilvægt í ljósi þess að áætlanir virðast vera um að þröngja verulega að svæðinu svo sem með ósk um byggingu á skóla á knattspyrnuvelli Njarðvíkur og áætlanir um uppbyggingu á hundagerði ofan við Reykjaneshöll.“

Þetta kemur fram í bókun bæjarfulltrúa Sjálftæðisflokksins í Reykjanesbæ, þeirra Guðbergs Reynissonar, Margrétar Sanders og Alexanders Ragnarssonar við fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 19. janúar. Þá segir: „Áður en svona ákvarðanir eru teknar þarf að ljúka heildarskipulagi íþróttasvæðisins eins og Sjálftæðisflokkurinn hefur áður bent á.“



Viðbygging fyrirhuguð við verknámsaðstöðu FS

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga tók fyrir á síðasta fundi sínum minnisblað um húsnæðismál starfsnámskóla og drög að samningi Mennta- og barnamálaráðuneytis og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um fyrirhugaða viðbyggingu fyrir verknámsaðstöðu við Fjölbautaskólann á Suðurnesjum í Reykjanesbæ.

Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem

haldinn var miðvikudaginn 10. janúar sl., var meðfylgjandi erindi á dagskrá og fært til bókar:

Stjórn S.S.S. samþykkir erindið um viðbyggingu á verkmenntaaðstöðu við Fjölbautaskóla Suðurnesja og felur framkvæmdastjóra að áframsenda erindið til aðildarsveitarfélaga sinna. Stjórnin bendir á að mikilvægt er að vinna greiningerð betur en fram kemur í minnisblaði.

Erfingjar stöðva braggabyggingu

Afgreiðsla byggingarleyfis fyrir bragga við Narfakot á Vatnsleysuströnd hefur verið slegið á frest þar sem óvissa er um landamerki.

Erindið var grenndarkynnt og athugasemdir bárust frá erfingjum Halldórsstaða vegna grenndarkynningar á byggingarleyfi fyrir bragga í Narfakoti. Óska erfingjar Halldórsstaða eftir því að komist verði að samkomulagi um skiptingu lands sem hingað til hefur verið óskipt þar sem óvissa ríki um landamerki.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er að þar sem óvissa er um landamerki er málinu frestað. Ganga þarf frá samkomulagi um skiptingu lands áður en málsmeðferð um byggingarleyfi verður tekið fyrir.

„Það er sóðalegt í Reykjanesbæ“

Sjálftæðisflokkurinn fagnar áherslum barna og ungmenna sem komu fram á fjölmennu barna- og ungmennapingi Reykjanesbæjar 2023 og tekur undir flest það sem þar kemur fram.

Athyglisverður er kaflinn um umhverfið og samgöngur sem þarf að taka alvarlega en þar segir: „Það er sóðalegt í Reykjanesbæ – Einbeittum okkur í að fegra ásynð bæjarins og höldum honum snyrtilegum.“

Þetta segir í bókun sem Guðbergur Reynisson, Margrét Sanders og Alexander Ragnarsson, Sjálftæðisflokkurinn, lögðu fram á síðasta fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar við fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 19. janúar.



Pétur Pálsson (þriðji f.h.) og Gerður Pétursdóttir (þriðja f.h.) með öðrum verðlaunahöfum og forseta Íslands.

Gerður og Pétur hlutu Stjórnunarverðlaunin

Tveir Suðurnesjamenn, þau Gerður Pétursdóttir hjá Isavia og Pétur Pálsson hjá útgerðarfélaginu Vísí í Grindavík, hlutu Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2024 sem veitt voru við hátíðlega athöfn í gær að viðstöddum forseta Íslands. Sex einstaklingar fengu verðlaunin sem voru veitt í þremur flokkum auk þess sem veitt voru sérstök hvatningarverðlaun.

Pétur sem er framkvæmdastjóri hjá Vísí hf. í Grindavík hlaut verðlaunin í flokki yfirstjórnenda og Gerður sem er fræðslustjóri hjá Isavia, í flokki millistjórnenda. Þetta er í fimmtánda sinn sem Stjórnunarverðlaunin eru afhent. Stjórnvísí verðlaunar árlega stjórnendur fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði.

Handhafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísí 2024 eru: Í flokki yfirstjórnenda Pétur Pálsson, framkvæmdastjóri Vísí hf. útgerðafélags í Grindavík. Í flokki millistjórnenda þau Gerður Pétursdóttir, fræðslustjóri Isavia og Sigurður Böðvarsson, framkvæmdastjóri lækninga og sjúkrasviðs hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í flokki frumkvöðla þeir Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum og stofnandi Oculis og Þorsteinn Loftsson, prófessor í lyfjafræði og stofnandi Oculis. Sérstök hvatningarverðlaun hlaut Joanna Dominiczak, fagstjóri íslenskunáms og erlends samstarfs hjá Mímir Simenntun.



Hótel hækkar um eina hæð

Mænin 230 ehf. hefur óskað heimildar til að stækka hótel við Hafnargötu 57, ParkInn by Radisson. Hæð bætist ofan á A hluta sem snýr að Vatnsnesvegi samkvæmt uppdrætti Ark-aust. Grenndarkynningu er lokið og athugasemdir bárust.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar samþykkir samantekt og svör við andmælum. Tilmæli til umsækjanda er að aðstaða fyrir rútur á svæðinu verði bætt í samráði við umhverfis- og framkvæmdasvið bæjarins.

Verkefni um umferðaröryggi barna verði hrundið af stað

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar, auk menntaráðs, hafa undanfarna mánuði fjallað um frístundaakstur barna. Það mál stendur þannig að hætt verður að sækja börn úr íþróttastarfi og keyra þau til baka til frístundaheimilanna. Breytingin tekur gildi frá og með 10. febrúar næstkomandi.

Í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2024 var samþykkt að leggja 20 milljónir króna í verkefnið „Umferðaröryggi barna“. Vegna aðstæðna sem skapast hafa við Reykjaneshöll og við Fimleikakademiuna, þar sem mikill fjöldi barna kemur saman daglega auk mikillar umferðar, leggur íþrótt- og tómstundaráð áherslu á að verkefninu „Umferðaröryggi barna“ verði hrundið af stað sem allra fyrst og leggur áherslu á að verkefnið hefjist á að greina umferð og aðstæður við umrædd mannvirki.

Ráðið leggur til að málinu verði vísað til umhverfis- og skipulagsráðs og hafist verði handa við verkefnið sem allra fyrst.

Rýmki reglur um aðgengi íbúa í Grindavík

Við skorum á Ríkisstjórnina að rýmka reglur um aðgengi íbúa að eignum sínum í Grindavík.

Eðlilegast sé að opna aðgengi alla daga frá morgni til kvölds og að fasteignaeigendur hafi frjálst val um hvenær þau fari til Grindavíkur.

Auk íbúa eiga fyrirtæki, stór og smá að hafa frjálsan aðgang á þessum tíma til að vitja eigna, bjarga verðmætum og stunda atvinnurekstur þar sem öryggiskröfur eru uppfylltar.

Þeir einstaklingar og fyrirtæki sem geta og vilja aðlaga sig að aðstæðum eiga að fá frelsi til þess.

Við skorum á Almannavarnir Ríkisins að lágmarka lokun og tengja lokanir Grindavíkurbæjar eingöngu við náttúruvá innan byggðarinnar eða við flóttaleiðir. Astandið er ekki lengur neyðarviðbrögð heldur langvarandi atburður og eru fyrirtæki nú komin að þölmörkum og þurfa þau að hefja verðmætasköpun í stað verðmætajörgunar.

Fyrir hönd Sjálftæðisfélags Grindavíkur,

Jón Gauti Dagbjartsson, formaður.

Álagið á starfsfólk Reykjanesbæjar er farið að segja til sín

„Enn og aftur ætlar meirihluti Framsóknar, Samfylkingar og Beinnar leiðar að gera nýjan samning við félags- og vinnu- markaðsráðuneytið um móttöku flóttafólks. Eignum við ekki að rifja aðeins upp reynsluna af fyrri þjónustusamningi og allt samráðsleysið við Reykjanesbæ.“ Svona hefst bókun sem Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi Umbótar, lagði fram á síðasta fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar við fundargerð velferðaráðs bæjarins frá 17. janúar.

„Meirihlutinn sá sig knúinn til að gera síðasta samning til þess að endurheimta hluta af þeim fjármunum sem sveitarfélagið hefur lagt til vegna mikils fjölda flóttamanna á svæðinu. Þegar síðasti samningur var samþykktur var hann samþykktur með þeim fyrirvara að gerð yrði viljayfirlýsing um fækkun flóttafólks í bænum. Við þann samning var ekki staðið af hálfu ríkisins og við erum ekki að sjá fækkun eins og lofað var. Ætla meirihlutinn að láta eins og ekkert hafi í skorist? Þjónustusamningurinn hefur haft í för með sér verulegt álag

á ýmsa innviði bæjarins. Eins og allir vita þá er Reykjanesbær löngu kominn að þölmörkum á móttöku flóttamanna og bæjarstjórnin hefur komið því skýrt á framfæri opinberlega.

Álagið á starfsfólk Reykjanesbæjar er farið að segja til sín. Við sem sveitarfélag eigum að vera farin að átta okkur á því að það fylgir aldrei nægilegt fé þeim verkefnum sem ríkið setur á sveitarfélögin í landinu.

Reykjanesbær á að hlusta á íbúana og segja nei við nýjum samningi. Við vorum frumkvöðlar í móttöku flóttafólks og höfum sannarlega staðið okkur vel. Þetta er orðið gott. Gleymum því ekki að í nágrennasveitarfélagi okkar Grindavík ríkir neyðarástand vegna náttúruhamfara. Við aðstoðum Grindvíkinga eins og við mögulega getum en til þess að það sé hægt þá þarf að vera til húsnæði í Reykjanesbæ,“ segir í bókun Margrétar Þórarinsdóttur.

Meistaradagur FS

Fimmtudaginn 29. febrúar
Kl. 11.30–13.30

Fyrirlestur um námsferilbók

KYNNING Á:

Hársnyrtið
Húsasmíði
Rafvirkjun
Vélstjórn

Verknámskennarar í FS bjóða meisturum og forsvarsmönnum fyrirtækja á Suðurnesjum í heimsókn og kynna starfið sem fram fer í skólanum

Boðið upp á súpu



Sirius



Rjómasúkkulaði

...fyrir hið ljúfa líf

NÝTT!



Tvöföld sæla!

Fáanlegt í takmarkaðan tíma

Er þitt uppáhalds súkkulaði með karamellukurli, sjávarsalti og saltlakkrís eða ertu kannski meira fyrir hnetur, rúsínur og karamellumöndlur. Þú vilt ekki missa af þessu eðalsúkkulaði en það verður aðeins í boði í takmarkaðan tíma.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



Ð N G Ö L S N T A V A T I E H
 Ú A U G U A A K L R I N U A R
 S G Ð U G G K A Ó R U M R A A
 A F Ó R Ú A T T Æ R P K F J U
 R E T S J D A R H Ú I M P A N
 U M B T Ú A S U T R A Á É T R
 K G M U G L A T A G S N S I E
 Ú É A N T P Ú S N L L I G E N
 N Æ S D Ú S Á S A F N A R V N
 H T D B K L L P Ó S F É M A S
 D Ó G É B A Ð Í S R O F Æ T L
 N G S A U Ó M G Ú J B G S I I
 U S T S A N N I R R O P D H P
 S I T L Ö G R Ú S R U Ð Ú L Æ
 H A M P R A G N I L L I N S E

- | | |
|----------------|-----------|
| HRAUNRENNSLI | RÓFA |
| ELDGOS | FORSÍÐA |
| ÖGURSTUND | UGLA |
| RAFMAGNLAUST | HITAVEITA |
| STURTA | MÁNI |
| SUNDHNÚKUR | LÚÐUR |
| HITABLÁSARI | RAUNIR |
| SNILLINGAR | SAGA |
| ÞORRINN | ARMUR |
| HEITAVATNSLÖGN | SÚR |

Gangi þér vel!



VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfrétta frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

timarit.is

Bílaviðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //




Breskir hermenn í vélbyssuhreiðri á Garðskaga.

Friðþór segir frá stríðsárum á Suðurnesjum í sagnastund á Garðskaga

Sagnastund verður haldin á Garðskaga laugardaginn 17. febrúar kl. 15:00. Friðþór Eydal hefur skrifað bækur um umsvif erlendra herja á Íslandi á stríðsárunum og í kalda stríðinu. Hann stendur fremstur manna í að segja frá einstökum atburðum

um uppbyggingu mannvirkja og setja fram nákvæmar frásagnir um fjölda atburða. Bækur hans eru einstakar heimildir, nákvæmar, skýrar og fræðandi. Friðþór hefur safnað og sett fram atburðalýsingar og um uppbyggingu og notkun mannvirkja sem ella hefðu getað glatast.



Friðþór Eydal.

Friðþór kemur á Garðskaga og segir frá ýmsu sem tengist Garðskaga og Suðurnesjum. Bók Friðþórs um Keflavíkflugvöll verður til sölu á staðnum.

Allir velkomnir á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið verður opið og þar eru léttar veitingar í boði.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga.

Menningarsjóður Reykjanesbæjar opinn fyrir umsóknnum

Opið er fyrir umsóknir í menningarsjóð Reykjanesbæjar þar sem hægt er að sækja um styrki í fjölbreytt verkefni sem efla menningarlíf í Reykjanesbæ. Menningar- og þjónusturáð bæjarins hvetur alla sem luma á skemmtilegum hugmyndum að verkefnum til að sækja um í sjóðinn. Umsóknarfrestur var til 11. febrúar en hefur verið framlengdur til 18. febrúar í ljósi þeirra atburða sem hafa gengið yfir Reykjanes síðustu daga. Sótt er um í gegnum Mitt Reykjanes.

Opið fyrir umsóknir í Menningarsjóð Suðurnesjabæjar

Búið er að opna fyrir umsóknir í Menningarsjóð Suðurnesjabæjar. Umsóknarfrestur vegna úthlutana ársins 2024 er til og með 1. mars 2024.

Ferða-, safna- og menningarráð Suðurnesjabæjar mun fara yfir umsóknir sem berast og úthluta styrkjum eftir mat á umsóknnum.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við menningarstarfsemi í Suðurnesjabæ sem og styrkja einstaklinga, félagsamtök, hópa og stofnanir til lista- og menningarskópunar í sveitarfélaginu. Til að hljóta styrk úr sjóðnum verða umsækjendur, s.s. listamenn, félagsamtök, hópar, stofnanir eða menningarviðburðir, að tengjast Suðurnesjabæ á einhvern hátt. Þá þurfa þeir sem eru í forsvari fyrir umsókn að vera með fasta búsetu í Suðurnesjabæ og viðburðir, ef svo ber við, sem sótt er um fyrir að fara fram í Suðurnesjabæ.

Mokveiði og nóg af fiski í sjónum

Febrúarmánuður, stysti mánuður ársins, byrjaði með leiðindabærum en þá daga sem hefur gefið á sjóinn hefur verið mokveiði.

Kannski er það athyglisverðasta að færabátarnir hafa líka náð að fara á sjóinn og flestir þeirra hafa verið á veiðum við Hafnarbergið og við Reykjanesið, þeir eru þar að eltast við ufsann og gengur það nokkuð vel. Til dæmis er Dímon GK með 1,7 tonn í tveimur róðrum, Líf NS 637 kíló í einni löndun en þess má geta að þetta var fyrsta löndun bátsins árið 2024. Annar bátur, Margrét SU, hóf líka róðra og kom með 562 kíló, þessi bátur er einn af örfáum eikarbátum sem ennþá eru gerðir út á Íslandi. Aðrir færabátar eru Guðrún GK sem er kominn með 3,6 tonn í þremur róðrum og Agla ÁR sem er með 4,7 tonn í fjórum.

Línubátarnir hafa mokveitt og svo mikil hefur veiðin verið að bátarnir hafa ekki einu sinni náð að draga alla línuna í einu. Til dæmis fór Hulda GK með 16.000 króka, eða um 38 bala, snemma í febrúar og eftir að hafa aðeins dregið um tuttugu bala var báturinn orðinn fullur af fiski og kom til Sandgerðis með 8,9 tonn. Aftur fór Hulda GK út og dró restina af krókunum og kom með um 8,9 tonn. Samtals var því Hulda GK með tæp 18 tonn á þessa króka, þetta gerir um 468 kíló á bala.

Vigfús Vigfússon er skipstjóri á Huldu og þremur dögum síðar fór Hulda GK aftur út en í þessum róðri ákváð Vigfús að fækka krókunum niður í 11.000, það reiknast u.þ.b. 26 balar. Þrátt fyrir að fækka krókunum var mokveiðin ennþá meiri því eftir að hafa aðeins dregið um fjórtán bala var báturinn aftur orðinn fullur af



fiski og kom til Sandgerðis með 10,5 tonn, sem reiknast sem 750 kíló á bala. Aftur fór Hulda GK út til þess að draga restina af krókunum og kom þá í land með 9,3 tonn á þá tólf bala sem eftir voru. Samtals gerði því þessi túr 19,7 tonn, það reiknast sem 759 kíló á bala, það er ekkert annað en mok og það mikið mok.

Oli á Stað GK lenti líka í moki og þurfti hann líka tvær ferðir til þess að ná sínum afla, fyrst með um 14 tonn í land og síðan með um 9 tonn, samtals um 23 tonn sem fengust á um 15.000 króka.

Kiddó Arnberg, skipstjóri á Daðey GK, lenti þó kannski í mesta ævintýrinu því það er ekki óalengt að bátur þurfi að fara tvær ferðir til þess að ná að draga alla línuna sína eða þá net. Mokið og veiðin hjá Daðey GK var það mikil að hann þurfti að fara í alls þrjár ferðir til þess að geta dregið línuna. Daðey GK fór út með 18.500 króka, það reiknast sem 44 balar. Eftir að hafa dregið einungis 22 bala var báturinn orðinn fullur af fiski og kom til Sandgerðis með 11,7 tonn, það reiknast sem 533 kíló á bala. Daðey GK þurfti því að fara aftur út og þá bjóst Kiddó og hans áhöfn við að þeir myndu ná að draga alla línuna en nei, aldeilis ekki því eftir

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



að hafa aðeins dregið fjórtán bala var báturinn aftur orðinn fullur af fiski og kom aftur í Sandgerði og var þá með 10,1 tonn, það gerir 719 kíló á bala. Því var ljóst að Daðey GK þurfti að fara í þriðja róðurinn og þó að krókarnir væru mjög fáir eftir í sjónum, eða átta balar, var feikilegt mok á þessa fáu bala. Þeir gáfu af sér 6,7 tonn, það reiknast sem 843 kíló á bala, feikileg veiði. Samtals gerðu því þessar þrjár ferðir hjá Daðey GK 28,6 tonn, eða um 650 kíló á bala.

Daðey GK er gerð út af Vísi hf. í Grindavík en vegna þess hvað er að gerast í Grindavík hefur aflinn af Daðey GK verið seldur á fiskmarkaði síðan í nóvember og er sjósókn bátsins stýrt miðað við hæsta verð á markaði.

Það er nú nokkuð ljóst að það er nóg af fiski í sjónum hérna við ströndina því þessi mokveiði hefur verið stutt frá Sandgerði og allt innan við þrjár mílurnar.

Sævík GK hefur haldið sig við Þorlákshöfn og hefur t.d. verið við veiðar undir Krýsvíkurbjargi og við Þjórsárósa og hefur landað alls 46 tonn í fjórum róðrum.



Aðalbjörn Kristinsson, eigandi Smurstöðvarinnar KEF.
Vikurfréttamyndir: Hilmar Bragi



Séð inn á smurstöðina sem er með alvöru smurgryfju. Það eru ekki allir sem þora að aka bíl inn og út af svona gryfju og þá annast starfsmenn það.

Rafbílarnir hafa engin áhrif á starfsemi smurstöðva

Smurstöðin KEF í fullu fjöri þó Básinn hafi lokað

Fjölgun rafbíla hefur engin áhrif á starfsemi smurstöðva. „Það er nóg að gera hjá okkur og frekar aukning ef eitthvað er,“ segir Aðalbjörn Kristinsson, sem rekur Smurstöðina KEF við Vatnsnesveg í Keflavík. Aukninguna má eflaust rekja til þess að íbúum Suðurnesja hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum. Það er mesti misskilningur að smurstöðin við Vatnsnesveg hafi lokað þegar Olís lokaði versluninni Básnum. „Við erum ekkert að fara neitt eins og er og verðum hérna næstu árin. Fólk getur því alveg kíkt í kaffi til okkar á meðan það lætur smyrja bílinn.“

Smurstöðin KEF gefur sig út fyrir almenna smurþjónustu og smáviðgerðir. Í þeirri þjónustu felast bremsuskipti og að skipta um ballansstangarenda og stýrisenda, svo eitthvað sé nefnt og er vinna sem tekur ekki langan tíma. „Þá erum við farnir að taka að okkur að skola út sjálfskiptingar og það er orðið meira um það í dag,“ segir Aðalbjörn. Hann segir að það þurfi að hugsa vel um skiptingarnar eins og vélarnar. Með því að skola út sjálfskiptingar sé öll olía tekin af

þeim en þegar tappað er af þeim á hefðbundinn máta fer jafnvel ekki nema helmingur af gömlu olíunni út af skiptingunni. Þegar sjálfskiptingin hefur verið skoluð út þá er sett alveg ný olía inn í staðinn.

Alinn upp við að fara á Smurstöð Björns og Þórðar

Aðalbjörn keypti rekstur Smurstöðvar Björns og Þórðar árið 2019 og skipti þá um nafn á stöðinni. Hann hafði verið í eigin rekstri í mörg ár en ákvað árið 2014 að fara að vinna fyrir aðra. „Ég entist í því í fimm ár og ákvað þá að ég vildi vera minn eigin herra og keypti því þennan rekstur. Mér líður best í vinnu hjá sjálfum mér.“


Aðalbjörn segist hafa alist upp við Smurstöð Björns og Þórðar. Hann hafi alltaf farið þangað með

sína bíla í smurþjónustu. Það hafi einnig stór hópur viðskiptavina gert og þeir hafa haldið tryggð sinni við smurstöðina eftir að Aðalbjörn keypti hana og hann segir að það hafi bæst í viðskiptamannahópinn.

„Við erum með meiri fjölbreytni og erum að gera meira heldur en fyrri eigendur. Þeir voru búnir að skila sínu og þá var bara gott að aðrir tóku við.“

Olíur að breytast og að verða þynnri

Aðspurður hvort smurþjónusta væri eitthvað öðruvísi í dag með nýjum bílum heldur en hún var áður, þá segir Aðalbjörn að uppi- staðan sé sú sama. Olíur eru hins vegar að breytast og verða þynnri en áður. Það sé ekki langt í að smurolíur verði af svipaðri þykkt og dísilolía, laufþunnar. Þynnri olíur eru í dag komnar á Hybridbíla. Það er heldur ekki sama olían á alla bíla og Smurstöðin KEF er með yfir 20 tegundir af smurólíum. Smurstöðin er með kerfi þar sem slegið er inn bílnúmeri og þá koma upp allar upplýsingar um hvaða olíur á að nota.



Smurstöðin KEF er í sama húsnæði og Olís Básinn var til margra áratuga.

Þá fá allir bílar í þjónustu sína bók og smursaga bílsins er skráð. Þá er yfirleitt hægt að fá allar rúðuþurrkur og ljósaperur í bíla og í raun það eina sem fólk hefur verið að spyrja um og er ekki í boði er rafgeymasala.

Sumarið er smurvertíðin

Aðspurður hvort það væri einhver vertíðartími í smurþjónustunni segir

Aðalbjörn að mun meira sé að gera yfir sumartímam. Það ráðist mikið af ferðalögum fólks, en flestir keyri meira yfir sumarmánuðina en á öðrum árstímum. Þá er miklu meira að gera og þá hafi hann þurft að bæta við sig mannskap. „Þegar fólk fer í fri þá vill það vera með bílinn kláran og allt í standi,“ segir Aðalbjörn.



Forsetahjónin heimsóttu heitavatnslausan Reykjanesbæ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heimsótti hjúkrunarheimilin í Reykjanesbæ, hjúkrunardeildina á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og aðgerðastjórn almannafráttara á slökkvistöðinni í Reykjanesbæ um liðna helgi. Forsetafrúin, Eliza Jean Reid, var einnig með í för og yngsta dóttir þeirra hjóna, Edda Margrét.

Með heimsókn sinni vildi forsetinn sýna íbúum hjúkrunarheimilanna smá hlýju í því ástandi sem ríkti í heitavatnsskort og kynna sér ástandið af eigin raun. Ferðalagið hófst á Hlévangi, þaðan var farið á Nesvelli en á þessum stöðum eru rekin hjúkrunarheimili Hrafnistu. Frá Hrafnistuheimilunum var farið á hjúkrunardeld HSS.

Í heimsókninni í aðgerðamiðstöð almannafráttara fékk Guðni einnig að vita stöðu mála frá fyrstu hendi, en mikið hefur mætt á viðbragðsaðilum síðustu sólarhringa og í raun í margar vikur vegna endurtekinna umbrota við Grindavík.



Mynd tekin frá Reykjanesbæ um hálfri klukkustund eftir að eldgosíð hófst í Sundhnúkagígum. Eldgosíð er þriðja eldgosíð sem verður á sundhnúkagígaraðinni frá 18. desember. Þá gaus á 4 km. langri sprungu. Þann 14. janúar varð eldgos nær Grindavík með upptök nærri Hagafelli. Eldgosíð í Sundhnúkum þann 8. febrúar varð á um þriggja km. langri sprungu með framleiðni upp á 400-600 rúmmetra á sekúndu í upphafi goss. VF-myndir: Hilmar Bragi Bárðarson

Stórt gos í stutta

Eldgos hófst við Sundhnúka klukkan 06:02 að morgni fimmtudagsins 8. febrúar. Aðeins liðu um 40 mínútur frá því skjálftahrina hófst og þar til kvika náði til yfirborðs. Upptakasvæði eldgossins var á sömu sprungu og gaus þann 18. desember í fyrra, þ.e. innskotið frá Svartsengi leitaði til norðvesturs að þessu sinni. Jarðskjálftar í aðdraganda gossins höfðu hins vegar gefið visbendingar um að upptakasvæðið gæti orðið nær Grindavík.



ELDSUMBROT

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Í fyrstu var talið að upptök eldgossins væru á góðum stað miðað við alla innviði. Sú skoðun var hins vegar fljót að breytast þegar mönnum varð ljóst að hraunrennslið frá gosinu var mjög mikið eða um 400-600 rúmmetar á sekúndu. Gossprungan var um þrjú kílómetrar að lengd og megin hraunstraumurinn var til vesturs í átt að Grindavíkurvegi.

Mikið sjónarspil og menn í kappi við tímann

Hraunið rann hratt og fór um einn kílómetra á klukkustund. Það náði Grindavíkurvegi á ellefta tímanum um morguninn. Það var mikið sjónarspil að sjá hraunið renna yfir veginn á gatnamótunum við Norðurljósaveg, þar sem ekið er til Bláa lónsins.

Á þessum tímapunkti var unnið af krafti við það að loka skörðum í varnar- og leiðigarða umhverfis orkuverið í Svartsengi. Þá voru menn einnig í kappi við tímann að sjóða síðustu suðurnar í nýja bráðabirgðalögn fyrir Njarðvíkuræð, lögn sem flytur heitt vatn frá orkuverinu í Svartsengi í miðlunartanka á Fitjum. Iðnaðarmenn unnu þar þrekvirkni og náðu að ljúka við lögnina áður en hraunstraumurinn náði til hennar. Hraunið náði að Njarðvíkuræðinni á hádegi og rauf hana með látum. Gufubólstrar stigu hátt til himins

og það sem menn höfðu óttast raungerðist. Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar voru góð ráð dýr. Farið var að kólna verulega í húsum á Suðurnesjum og hitablásarar voru víða uppseldir.

Nýr veruleiki blasti við Suðurnesjamönnum. Nú þurfti að kynda íbúðir með hitablásurum eða gasi. Dreifikerfi rafmagns í íbúðahverfum er hins vegar ekki hannað með það fyrir augum að hús séu kynnt með raforku. Það tók íbúa smá stund að læra þetta. Á föstudagskvöldinu fór að bera á rafmagnsleysi, þar sem mikið álag var á dreifikerfinu þegar hitablásarar voru komnir í gang og fólk fór að elda kvöldmatinn á föstudagskvöldinu. Í Innri-Njarðvík var t.a.m. rafmagnslaust á föstudagskvöldinu í allt að þrjár klukku-

stundir. Nokkur önnur hverfi á Suðurnesjum voru án raforku í skemmri tíma.

Lögðu veg yfir nýrunnið hraunið


Í Svartsengi dóu menn ekki ráðalausir. Lagður var vegarslóði yfir nýrunnið hraunið og lagnaefni pantað á staðinn. Landslið iðnaðarmanna kom svo að því að sjóða saman nýja lögn sem lögð var yfir hraunið og seint á sunnudagskvöld var orðið ljóst að mönnum hafði tekist að tengja nýju bráðabirgðalögnina við Njarðvíkuræðina. Heitavatsframleiðsla var hafin að nýju í orkuverinu í Svartsengi og byrjað að dæla vatni á lögnina. Fyrst þurfti að koma vatni á miðlunartankana á Fitjum og frá því á mánudag hefur hægt og rólega verið keyrður upp þrýstingur á kerfinu. Þegar Víkurfréttir fóru í prentun á þriðjudagskvöld var búist við því að fullur þrýstingur væri kominn á allt kerfið. Minni háttar vandamál komu upp víðsvegar um svæðið en engin stór vandamál. Helst voru það snjóbræðslukerfi sem höfðu frosið en nokkrir tugir útkalla búrúst til sveitar pípuþingamanna á vegum Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra.

Þúsundir hitablásara í boði almannavarna

Á sunnudag og mánudag voru tankbilar í stöðugum ferðum á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja og fluttu samtals um 1.800 tonn af heitu vatni sem dælt var inn á hitaveitukerfið til að halda því heitu og flýta fyrir endurræsingu kerfisins. Það var einnig mikið að gera á slökkvistöðinni í Reykjanesbæ. Þar höfðu almannavarnir komið upp dreifistöð fyrir hitablásara sem höfðu verið fluttir til landsins með flugi. Mörg hundruð hitablásarar voru sóttir og



Hér má sjá hraunin sem runnið hafa í gosunum 18. desember, 14. janúar og 8. febrúar.



Hraunið æddi fram af miklum krafti. Þessi m...



inn tíma

Hraunið tæddi áfram af miklu afli. Hér er það byrjað að renna yfir Grindavíkurveg við gatnamótin á Norðurljósavegi þar sem ekið er að Bláa lóninu.



Mynd er tekin fáeinum mínútum eftir að það fór yfir Grindavíkurvegin og þarna má sjá að malbikið á Norðurljósavegi er farið að brenna.

settir í samband til að ná upp hita. Þessir blásarar verða án efa eitt-hvað áfram á heimilum á Suðurnesjum, þar sem jarðhræringum á Reykjanesskaganum er ekki lokið og ekki loku fyrir það skotið að atburðirnir í Svartsengi endurtaki sig og hitaveitan geti aftur rofnað, enda lögnin aðeins til bráðabirgða þar til ný lög hefur verið grafin djúpt í jörðu.

Í aðgerðastjórn almannavarna á slökkvistöðinni í Reykjanessbæ hefur farið fram mikil vinna síðustu daga þar sem ýmis vandamál hafa verið leyst. Þar kemur saman breiður hópur fólks með ýmis úrlausnarefni. Leysa þurfti húshitunarmál í leik- og grunnskólum til að skólastarf gæti farið fram með sem bestum hætti. Það tókst að mestu leyti. Stjórnendur og starfsfólk skólanna vann svo þrekvirki að láta allt ganga upp.

Frítt í sund

Þar sem ekkert heitt vatn var í boði á Suðurnesjum frá því á fimmtudag og fram á þriðjudag brugðust sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu við og Suðurnesjafólki var boðið að nýta sér sundlaugar höfuðborgarsvæðisins án endurgjalds. Sporthúsið á Ásbrú brást einnig við ástandinu og ráðist var í ákveðnar framkvæmdir til að koma á heitu vatni. Þar var einnig hægt að komast í heita sturtu án endurgjalds frá sunnudeginum.

Atburðurinn heldur áfram

Veðurstofan lýsti yfir goslokum á laugardaginn, 10. febrúar. Landris heldur áfram á svæðinu við Svartsengi. Land rís um 0,5 – 1,0 sentimetra á dag sem er svipaður hraði og eftir síðustu eldgos. Kvika heldur því áfram að safnast í kvikuhólfið undir Svartsengi. Það eru því miklar líkur á að atburðarrásin endurtaki sig eftir nokkrar vikur



Mikinn gufubólstur lagði til himins þegar heitavatnslögnin brast.



Unnið við lögnina sem svo brast.

með nýju kvikuhlaupi og eldgosi. Vísindamenn hafa talað um að vænta mætti næsta kvikuhlaups eða það fari að gjósa nálægt næstu mánaðamótum. Þá er talað um að vænta megi endurtekinna atburða á meðan kvika streymir inn í kvikuhólfið undir Svartsengi.

Eldgosið í Sundhnúkum sem hófst að morgni síðasta fimmtudags var stórt gos sem stóð stutt yfir en allur kraftur var úr gosinu fljótlega upp úr hádegjunu.

Af neyðarstigi

Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum, hefur ákveðið að fara af neyðarstigi Almannavarna vegna eldgoss á Reykjanesskaga, búið er að lýsa yfir goslokum. Á sama tíma heldur landris áfram við Svartsengi og því hefur verið ákveðið að setja á hættustig vegna þess.

Einnig hefur Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum ákveðið að fara af neyðarstigi vegna rofs á afhendingu á heitu vatni á Suðurnesjum. Almannavarnarstigið vegna þessa hefur nú verið fært á óvissustig.

Ekki gott að taka stórar ákvarðanir í miðju áfalli



Matthías Örn Friðriksson og Gerður Rún Ólafsdóttir fluttu til Grindavíkur árið 2010 þegar Matthías gerði samning við knattspyrnulið Grindavíkur. Þau tóku ástfóstri við bæinn, keyptu sér hús árið 2016 og voru nýbúin að ljúka framkvæmdum og gera húsið að sínu þegar þau þurftu að yfirgefa það. Við tók mikið þúsulspil, bæði hvað varðar búsetu en líka að hafa ofan fyrir fimm og tveggja ára gömlum börnum sínum sem komust ekki á sinn leikskóla fyrstu vikunnar. Ástandið hefur tekið á þau eins og aðra Grindvíkinga en þau sjá fram á bjartari tíma. Þau munu flytja í Innri-Njarðvík 1. mars í eitt ár hið minnsta. Þau vonast eftir að geta flutt aftur til Grindavíkur, ekki síst því þar hvílir elsta barnið þeirra.

„Við elskum húsið okkar,“ segja Matthías Örn Friðriksson og Gerður Rún Ólafsdóttir.

Hjónin voru, eins og svo margir Grindvíkingar, búin að yfirgefa bæinn áður en hann var rýmdur, svo mikil voru lætin í móður náttúru. Þau pökkðu ekki miklu, ætluðu að borða hjá systur Gerðar og koma svo aftur heim um kvöldið en nýr veruleiki varð til. Gerður sem er hjúkrunarfræðingur og vinnur á Víðihlíð, hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Grindavík, var mætt í vinnu strax á laugardeginum.

„Við gistum hjá Gunnu systur minni, við tókum í raun húsið yfir og þau fluttu sig annað á meðan en svo var ég mætt til vinnu strax morguninn eftir í Keflavík og var í fjórtán klukkustundir í vinnunni bara þann daginn, allt heimilisfólk í Víðihlíð var lagt þangað inn þegar bærinn var rýmdur. Ég man að það var skrytið að keyra inn í bæinn en þessar stóru sprungur, eins og við kirkjuna, voru ekki búnar að myndast þá og við keyrðum þar yfir. Við vorum fimm starfsmenn HSS í fylgd lögreglu og björgunarsveitar í verðmætajörgun í Víðihlíð, að sækja lyf og aðrar nauðsynjar fyrir heimilisfólkið, það var skrytið að keyra fram hjá íþróttavellinum, maður sá holur sem þar voru búnar að myndast og þetta var allt saman frekar óraunverulegt. Bærinn var auðvitað rýmdur á föstudagskvöldinu og búíð að koma öllum af Víðihlíð inn á aðrar stofnanir. Ég myndi segja að starfsfólkið sem var ennþá í Grindavík og björgunarsveitin í Grindavík hafi unnið þrekvirki þetta föstudagskvöld. Allir fóru til Keflavíkur

og þaðan var þeim síðan komið inn á önnur heimili, eins og Grund, Sunnuhlíð og Vífilsstaði. Þau eru mörg komin til baka til Keflavíkur og eru á hjúkrunardeild HSS núna. Vinnan mín þessa helgi snerist svo aðallega um að hringja í ættingja heimilisfólksins og halda þeim upplýstum, skrifa hjúkrunarbréf þar sem mikilvægur upplýsingar um hvern og einn koma fram. Ofan á alla þessa vinnu voru svo allir þeir sem ég sinni í heimahjúkrun líka í sambandi við mig svo ég myndi segja að álagið þessa helgi hafi verið mjög mikið. Ég áttaði mig í raun ekki á þessu áfalli öllu fyrr en á mánudeginum en þá tók við nýr höfuðverkur, hvar ætluðum við að búa,“ segir Gerður.



Nói og Ósk að róla.

Með börnin í vinnunni

Matthías sá um börnin fyrstu helgina þar sem Gerður var á kafi í vinnu en fór líka að svipast um eftir dvalarstað fyrir fjölskylduna og móðurbróðir hans svaraði kallinu. „Þau voru á leiðinni erlendis í viku en buðust svo til að flytja inn á ættingja sína svo við gátum verið í tvær vikur í húsi þeirra í Garðabæ. Þetta er glæsilegt hús, með glæsilegum flygli m.a. og verður að segjast eins og er að við Gerður vorum ekki alveg róleg með börnin okkar ungu, vorum hrædd um að þau myndu eitthvað skemma. Þarna gátum við reynt að melta það sem var búíð að gerast og á þessum tíma gátu börnin okkar ekki komist í leikskóla. Það var ansi krefjandi að hafa ofan af fyrir þeim. Ósk er að verða fimm ára og Nói að verða tveggja ára. Hann var bara búinn að vera í leikskóla í fjórar vikur, var rétt búinn með aðlögunina. Sem betur fer var mér sýndur mikill skilningur hjá vinnuveitanda mínum hjá HS orku, ég fékk frí þessa fyrstu daga en þetta var oft skrautlegt, ég með annað barnið á meðan Gerður þurfti að sinna hinu kannski grenjandi, samt í símanum að sinna sínum skjólstaðingum, þetta var svakalegt!“, segir Matthías.

Eftir tvær vikur í Garðabænum stóð til að fjölskyldan færi í íbúð á þriðju hæð í blokk. Það var ekki þvottavél þar og þau með tvö ung börn og ljóst að það hefði verið erfitt en sem betur fer bauðst þeim íbúð foreldra vina sinna sem voru

”

Eftir þennan hörmungaraburð og svo eldgosíð, er okkur ljóst að við getum ekki flutt aftur heim í bráð. Það er ekkert vit í því og við vitum ekkert hvað þetta muni taka langan tíma. Þetta er okkur mjög þungbært, við elskum húsið okkar ...

á leiðinni út. Matthías fékk aftur nett kvíðakast. „Aftur vorum við komin í glæsilegt húsnæði með dýrum innanstokksmunum, m.a. rándýrt málverk og við gátum sem betur fer komið flestum dýrustu mununum inn í eitt herbergið og læst þar inni. Það var furðulegt að þurfa vera hafa áhyggjur af svona hlutum ofan á allt saman. Við vorum þarna með okkar fjölskyldu en þurftum að passa allt því þetta var ekki okkar heimili. Allt fór þetta nú samt vel og við komumst svo inn í íbúð um miðjan desember sem pabbi minn á og verðum í íbúðinni fram í mars.“

Sakna hússins

Við eldgosíð 14. janúar og hörmulega slysið nokkrum dögum fyrr, þegar maður féll í sprungu og fannst ekki, var ljóst að glænýr veruleiki blasti við Grindvíkingum og þá kannski sérstaklega barna-

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



fólki eins og Matthíasi og Gerði. Þau geta ekki hugsað sér að flytja í bráð til Grindavíkur. Sprunga liggur í gegnum garðinn og fer undir húsið þeirra og þau vita ekki hvað verður með húsið sem þau hafa verið að gera að sínu undanfarin ár.

„Eftir þennan hörmungaraburð og svo eldgosíð, er okkur ljóst að við getum ekki flutt aftur heim í bráð. Það er ekkert vit í því og við vitum ekkert hvað þetta muni taka langan tíma. Þetta er okkur mjög þungbært, við elskum húsið okkar, staðsetningin var fullkomin, rétt hjá leikskólanum Króki og svo hefði Ósk dóttir okkar bara verið nokkrar mínútur að labba í Hópskóla, stutt fyrir mig að keyra til vinnu og Gerður gat labbað í sína vinnu. Við höfum verið að taka húsið í gegn hægt og rólega og vorum í raun búin að ljúka framkvæmdum þegar við þurftum að yfirgefa húsið korteri seinna. Það er rétt hjá þar sem maðurinn féll ofan í sprunguna og það liggur sprunga undir hluta af húsinu okkar. Við eigum eftir að fá úr því skorið hvort húsið sé dæmt ónýtt eða hvað, þetta er bara ómurleg staða að vera í,“ segir Matthías.



Fallega húsið fyrir hamfarirnar. Myndirnar til hliðar sýna hvernig sprunga liggur undir húsið.





„Pabbi, pabbi!“

Matthías, sem er frá Dalvík, og Gerður, sem er frá Vopnafirði, kynntust í menntaskóla á Akureyri. Matthías spilaði knattspyrnu, rann út á samningi hjá Þór Akureyri og gekk þá til liðs við Grindavík. Þar tók strax ástfóstri við bæinn og eftir flottan feril með Grindavík í efstu deild, lagði Matthías knattspyrnuskiptum og byrjaði að kasta pílu. Ekki leið á löngu þar til hann var búinn að skipa sér á stall með bestu píluköstum landsins en hann hefur alls þrisvar sinnum orðið Íslandsmeistari.

Sem dæmi um breytta hagi hjá þarinu, þá hitti blaðamaður þau í barnaafmæli í Reykjavík nokkrum vikum eftir fyrri rýminguna. Þá um kvöldið var stórt mót í pílukesti í Reykjavík og eðlilega var Matthías spurður hvort hann væri ekki að fara taka þátt í mótinu. Þrúttinn og þreyttur svaraði Matthías með stólskri ró, að nei, það hefði ekki gefist neinn tími til að æfa pílu og allur hans tími færi í að hafa ofan af fyrir börnunum sínum. Í þeim töluðu orðum kom eldra barnið,

”

Svo er auðvitað eitt stórt mál sem skiptir okkur mjög miklu máli, við misstum fyrsta barnið okkar, Líf hefði orðið sex ára gömul 26. janúar en hún hvílir í kirkjugarðinum úti á Stað í Grindavík. Við gátum ekki farið að leiðinu hennar á afmælinu hennar eins og við erum vön og það var auðvitað erfitt ...

í febrúar en í sjálfu sér höfum við litlar upplýsingar um það þar sem þetta er allt frekar óljóst ennþá og lítil upplýsingaveita til foreldra að okkur finnst. Það verður strax mikill munur fyrir okkur þegar safnleikskólinn flyst í Hafnarfjörð. Við eigum eftir að finna út úr hvernig við skiptum keyrslunni á milli okkar, ég vinn á vöktum svo suma daga er ég í vaktafrii og get þá farið. Ég er í vinnu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og mæti á sjúkrahúsið í Keflavík í staðinn fyrir að mæta í Grindavík. Ég er teymisstjóri heimahjúkrunar og held því áfram, er mest með nýja skjólstaðinga og þarf að notast við GPS til að rata um Reykjanesbæ. Gaman að bæta þessu öllu ofan á allt annað. Matti er innkaupa- stjóri hjá HS Orku, var að vinna í Svartsengi en fyrirtækið gat opnað skrifstofur í Kópavog. Hversu lengi þeir verða þar vitum við ekki. Matti gæti í raun labbað héðan í vinnuna en hann þarf að koma börnunum í safnleikskólann uppi í Grafarvogi, svo þetta hefur ekki verið neitt einfalt hjá okkur, ekki frekar en öðrum Grindvíkingum geri ég ráð fyrir.“



Gerður og Matti eru í flökinni aðstöðu eins og svo margir Grindvíkingar.

Ósk, og greip í jakka pabba síns og kallaði háum, skærum rómi; „pabbi, pabbi!“ Blaðamaður gat ekki annað en glott við tönn við að sjá viðbrögð hins dasaða Matta en að sjálfsgöðu sinni hann barni sínu með yfirvegum, eins og hans var von og vísa.

Innri-Njarðvík í eitt ár

Fjölskyldan mun von bráðar flytja í Innri-Njarðvík en hvernig sér Gerður framtíð fjölskyldunnar fyrir sér?

„Við erum búin að leigja hús í eitt ár í Seljudal í Innri-Njarðvík og flytjum þangað 1. mars. Þetta er passleg stærð fyrir okkur, núverandi húsnæði er of lítið, við sofum með bæði börnin okkar á milli í 160 sentimetra breiðu rúmi og það gefur auga leið að maður nær ekki alltaf góðum nætursvefni þannig. Í nýja húsinu fá börnin sín herbergi, það er bílskúr og það verður gott að koma sér fyrir og geta spáð í rólegheitum næsta árið hvað við viljum gera. Langflestir í Grindavík búa í einbýlis- eða parhúsum, á bara að hruga öllum í blokkir? Grindvíkingar munu illa sætta sig við það til lengri tíma er ég hrædd um svo við erum mjög ánægð með að hafa tryggt okkur þetta húsnæði í eitt ár. Reyndar fáum við ekki leikskólaláss strax svo við þurfum að keyra börnin í safnleikskólann, sem er núna í Grafarvogi. Það er búið að segja okkur að hann færast í Hafnarfjörð einhvern tíma

Komast ekki að leiði dóttur sinnar

Hvað varðar framtíðina vill fjölskyldan flytja aftur til Grindavíkur, þ.e.a.s. þegar allt er komið í öruggt og eðlilegt horf. Ef ríkið ætla að kaupa fasteignir af Grindvíkingum, myndu þau líklega taka því, ef þau væru með forkaupsrétt á húsinu. Þó svo að þau séu að norðan, hefur hugurinn ekki leitað þangað, aðallega vegna vinnu Matta sem hann er mjög ánægður í.

„Það er ekki gott að taka stórar ákvarðanir í miðju áfalli, við ætlum að flyta okkur hægt og erum mjög ánægð með að sjá næsta ár fyrir okkur eins og við erum búin að teikna það upp. Það er víst lítið annað sem við getum gert nema beðið og vonað það besta. Svo er auðvitað eitt stórt mál sem skiptir okkur mjög miklu máli, við misstum fyrsta barnið okkar, Líf hefði orðið sex ára gömul 26. janúar en hún hvílir í kirkjugarðinum úti á Stað í Grindavík. Við gátum ekki farið að leiðinu hennar á afmælinu hennar eins og við erum vön og það var auðvitað erfitt en við virðum ákvarðanir yfirvalda varðandi aðgengi í Grindavík. En að flytja í burtu frá Grindavík, frá Líf, er erfið tilhugsun svo okkar hugur stendur alfarið til þess að flytja aftur heim en við verðum bara að biða og sjá hvernig hlutirnir munu þróast,“ sagði Gerður Rún að lokum.



Vinkonurnar Birna Óladóttir og Kolbrún Einarsdóttir.

Heldri borgarar Grindavíkur á víð og dreif

Þegar fyrri rýmingin í Grindavík átti sér stað 10. nóvember á síðasta ári var eitt stærsta verkefnið að koma öllu vistfólki á Víðihlíð, sem er elliheimilið í Grindavík, á öruggan stað. Flestir byrjuðu á að fara á sjúkrahúsið í Keflavík en svo tókst starfsfólki að koma fólkinu fyrir á hinum og þessum stofnunum víðsvegar um suðvesturhornið. Vinkonurnar Birna Óladóttir og Kolbrún Einarsdóttir enduðu í Skógarbæ, sem er eitt af öldrunarheimilum Hrafnistu á höfuðborgarsvæðinu.

Birna bjó í nýrri hlutanum á Víðihlíð, íbúð hennar er sú fyrsta í viðbyggingunni og er sá hluti Víðihlíðar ónýtur. Við jarðhræringarnar 10. nóvember myndaðist sprunga í gólfinu og þegar komið var í íbúðina sunnudaginn 11. febrúar var útveggurinn við gamla hlutann búinn að færast talsvert frá og rétt fyrir utan íbúðina er nýrri hlutinn búinn að rífa sig meira frá gamla hlutanum. Að sögn Sigurðar Karlssonar, sem er umsjónarmaður fasteigna Grindavíkurþéjar, er austurhlutinn á Víðihlíð ónýtur en gamla hlutinn þar sem sjúkrahæmilíð er virðist vera í lagi. Hins vegar sé ekki hægt að meta allt húsnæðið á meðan atburðurinn er enn í gangi.

Við hamfarirnar 10. nóvember byrjaði Birna á að fara með elsta syni sínum, Einari, í bústað hans í Fljótshlíð og Kolbrún fór með dætrum sínum, Laufeyju og Valgerði, í sumarbústað rétt hjá Búrfellsvirkjun. Nokkrum dögum síðar voru þær komnar í Skógarbæ og voru öruggar um að geta verið í þrjá mánuði hið minnsta. Birna hefur síðan þá sótt um að geta verið lengur. „Það losnaði hérna og ég komst inn, Kolla mágkona kom svo nokkrum dögum síðar. Það fer vel um okkur hérna, maturinn er mjög góður. Ég var í íbúð á Víðihlíð en hún er ónýt myndi ég halda. Það er sprunga sem liggur í gegnum hana og ég á ekki von á að ég flytji aftur þangað úr því sem komið er en ég ætla mér að flytja aftur til

”

Svo förum við saman í hádegismatinn, ég get víst ekki hrósað matnum því ég tapaði bragðskyninu árið 2019 ...

Grindavíkur. Auðvitað eru þetta mikil viðbrögð, ég hafði allt til alls í íbúðinni minni, gat alltaf farið niður eftir hádegi og hitt Grindvíkinga og svo dundaði ég mér á saumavélinni minni, í þrjónaskap og öðru þess á milli. Ég hitti börnin mín og barnabörnin oft svo auðvitað er þetta mikil breyting, það er ekki hægt að þræta fyrir það,“ sagði Birna.

Kolbrún bjó ennþá í eigin húsnæði í Grindavík og er farin að leita sér að húsnæði í Keflavík, hún vill ekki setjast að í Reykjavík eins og Birna. „Ég gat séð um mig sjálf að mestu og var ekkert farin að huga að því að flytja í Víðihlíð. Það gefur auga leið að þetta er mikil breyting fyrir mig, ég gat keyrt um í Grindavík og farið þangað sem mig langaði en ég treysti mér ekki til að keyra hér í Reykjavík. Ég get ekki hugsað mér að búa hérna og er því farin að skoða íbúðir í Reykjanesbæ. Annars hefur mér líðið vel hér, það er vel hugsað um okkur. Ég er venjulega komin á stjá um níuleytið, les Moggann minn og fæ mér morgunmat, Birna lúrir lengur. Svo förum við saman í hádegismatinn, ég get víst ekki hrósað matnum því ég tapaði bragðskyninu árið 2019. Við spilum félagsvist á mánudögum og þegar einhverjum kíkja í heim-sókn til okkar erum við fljótar að plata viðkomandi í manna, okkur finnst gaman að spila. Því miður eru flestir sem búa hér með okkur frekar mikið veikt fólk, við Birna

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



erum eins og unglömb við hliðina á mörgum þeirra. Það lifnar alltaf yfir á mánudögum þegar fólkið sem býr í íbúðum hér í kring kemur og spilar við okkur félagsvist.“

Vinkonunum leiðist ekki og nýverið var sjónvarp Birna sótt á Víðihlíð svo hér eftir geta þær horft í ró og næði inni á sínu herbergi. „Það er fínt að geta horft á fréttirnar og annað í sjónvarpinu inni á herberginu okkar, þar getum við verið í ró og næði. Ég er búin að vera í vandræðum með heyrnina í mér en var hjá lækni um daginn og er búin að fá heyrnartæki. Það er ekki gaman fyrir Kollu mágkonu að geta ekki haldið uppi neinum samræðum við mig en þetta stendur allt til bóta. Ég stefni á að vera hér áfram, hér líður mér vel. Svo verðum við bara að sjá hvernig málin þróast í Grindavík, það er ekki nokkur leið að spá fyrir um þetta,“ sagði Birna að lokum.



NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDAG YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS



Eyrún Ösp þurfti að kljást við krabba



Í flutningum með Grindvíkingum

EINNIG Í SUÐURNESJAMAGASÍNI VIKUNNAR
Guðni forseti á ferð í Reykjanesbæ

SUÐURNESJA
magasín

Fasteignagjöld í hæstu hæðir í Suðurnesjabæ



Í samningaviðræðum aðila vinnumarkaðar og launþega hafa ítrekað komið fram óskir um að ríki og sveitarfélög hafi forgöngu um að takmarka mjög hækkunir hinna ýmsu skatta og gjalda. Markmið samninga núna ganga meðal annars út á að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Til þess að það markmið náist er mjög brýnt að halda niðri öllum sköttum og verðlagi. Sumar verslanir, svo sem BYKO, IKEA og fleiri, hafa svarað þessu kalli og hafa jafnvel boðað verðlækkunir næstu mánuði.

Meðvitundarleysi bæjarstjórnar
Þegar ég skoðaði álagningarseðil 2024 frá Suðurnesjabæ datt mér helst í hug að bæjarstjórnin hafi ekki verið meðvituð um ákall aðila vinnumarkaðarins um takmarkaðar hækkunir gjalda. Mér satt best að segja brá þegar ég sá að fasteignaskattur á mína fasteign hafði hækkað um rúmlega 26% frá árinu 2023 og sorpgjöld um tæp 32%. Þetta er mesta hækkun hjá mér á milli ára frá sameiningu Sandgerðis og Garðs.

Álagning fasteignaskatts tekur mið af fasteignamat sem hefur verið breytilegt frá ári til árs, yfirleitt til hækkunar. Sem dæmi hækkaði fasteignamat í Suðurnesjabæ næstmest á öllu landinu árið 2019, eða um 17,7%. Þegar hækkunir á fasteignamati eru miklar þarf bæjarstjórn að gæta þess að hlutfall álagningar lækki á móti. Það er sanngirnismál að koma í veg fyrir ófgafullar og ótímabærar hækkunir.

Ég hef ekki kannað hvort önnur sveitarfélög eru að bjóða fasteignaeigendum sömu hækkunir.

Fróðleikur um þróun fasteignagjalda

Á meðfylgjandi yfirliti, sem tekur mið af gjöldum sem lögð hafa verið á fasteign mína að Vallargötu 29, má sjá þróun fasteignagjalda í Suðurnesjabæ frá sameiningarárinu 2018 til og með 2024. Einnig má þar sjá breytingu milli ára 2023 og 2024.

Suðurnesjabæ er tekjuhæsta sveitarfélagið á Suðurnesjum á hvern íbúa árið 2021 samkvæmt árbók sveitarfélaga. Þegar skoðuð eru tuttugu fjölmennustu

sveitarfélög landsins, þá er Suðurnesjabæ fimmta tekjuhæsta sveitarfélagið á hvern íbúa. „Hvers vegna vill bæjarstjórn Suðurnesjabæjar ekki vera þátt-

takandi í því að lækka verðbólgu?“ Það er eðlilegt að spyrja þessarar spurningar miðað við aðstæður.

Er ekki einnig eðlilegt að bæjarstjórn komi með útskýringar og ítarlegan rökstuðning til okkar bæjarbúa fyrir þessum miklu hækkunum?

Bestu kveðjur,
Jón Norðfjörð

Fróðleikur um þróun fasteignagjalda í Suðurnesjabæ

Árið 2018 var síðasta árið sem íbúar í Sandgerði greiddu fasteignagjöld samkvæmt álagningu bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar fyrir sameiningu Sandgerðis og Garðs í Suðurnesjabæ.

Ég skoðaði málið út frá þeim fasteignagjöldum sem lögð hafa verið á fasteign mína að Vallargötu 29 hér í Sandgerði. Niðurstöður eru eftirfarandi:

	Álagning 2018	Álagning 2024	Breyting
Fasteignaskattur	Kr. 82.400	Kr. 146.440	Hækkun 77,72 %
Lóðarleiga	Kr. 51.900	Kr. 117.150	Hækkun 125,72 %
Fráveitugjald	Kr. 61.800	Kr. 62.760	Hækkun 1,55 %
Vatnsskattur	Kr. 35.020	Kr. 72.174	Hækkun 106,10 %
Sorpgjöld (Heildargjöld)	Kr. 42.819	Kr. 69.000	Hækkun 61,14 %
Fasteignagjöld samtals	Kr. 273.939	Kr. 467.524	Hækkun 70,66 %

Hlutfall álagningar af stofni

	Ár 2018	Ár 2023	Ár 2024
Fasteignaskattur	0,4 %	0,28 %	0,28 %
Lóðarleiga	1,5 %	1,5 %	1,5 %
Fráveitugjald	0,3 %	0,12 %	0,12 %
Vatnsskattur	0,17 %	0,16 %	0,138 %

Breyting á milli ára 2023 og 2024

	Álagning 2023	Álagning 2024	Breyting
Fasteignaskattur	Kr. 116.200	Kr. 146.440	Hækkun 26,02 %
Lóðarleiga	Kr. 93.150	Kr. 117.150	Hækkun 25,76 %
Fráveitugjald	Kr. 49.800	Kr. 62.760	Hækkun 26,02 %
Vatnsskattur	Kr. 66.400	Kr. 72.174	Hækkun 8,69 %
Sorpgjöld (Heildargjöld)	Kr. 52.331	Kr. 69.000	Hækkun 31,85 %
Fasteignagjöld samtals	Kr. 377.881	Kr. 467.524	Hækkun 23,72 %

Skatttekjur sveitarfélaga á Suðurnesjum árið 2021 á íbúa (úr Árbók sveitarfélaga)

	Íbúafjöldi	Útsvar	fasteignask.	jöfnunarsj.	lóðaleiga	skatttekjur samtals
Reykjanesbær	20.416	548.876	90.142	144.886	15.655	799.559 kr. á íbúa
Suðurnesjabæ	3.753	546.159	229.112	256.409	12.567	1.044.247 kr. á íbúa
Grindavíkurbær	3.585	590.920	135.215	219.536	21.232	966.902 kr. á íbúa
Sv.félagið Vogar	1.354	585.582	84.330	270.343	16.741	956.997 kr. á íbúa

Samantekt í janúar 2024, Jón Norðfjörð




Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

EIRÍKUR EIRÍKSSON,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Hrafnistu Nesvöllum föstudaginn 9. febrúar sl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 20. febrúar klukkan 13.

Guðrún R. Lárusdóttir
Sigurlaug L. Eiríksdóttir Magnús E. Kristinsson
Eydís Eiríksdóttir Júlíus H. Einarsson
Magnús R. Eiríksson Fanney M. Jósepsdóttir
Eiríkur H. Eiríksson Stefania Aradóttir
Jón H. Eiríksson Herdís Andrésdóttir
Kjartan P. Eiríksson Ingibjörg S. Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

ÞÓRÐUR KRISTJÁNSSON,
Móavöllum 4, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 2. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 13.

Unnur Þorsteinsdóttir
Lovísa Þórðardóttir Björn S. Ingólfsson
Unnur Lára Hjálmarsdóttir Guðni Páll Kárason
Hjördís Lilja Hjálmarsdóttir Jón Arnar Barðdal



LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI



#fruforseti

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



Grindavíkursamfélag í Stefnisvogi í Reykjavík

Jóhann Þór Ólafsson kemur úr mikilli körfuboltafjölskyldu. Aðalatriðið sé að Grindvíkingar geti komið saman, stutt liðin sín og fagnað sigri eða verið fúllir yfir tapi.

„Ég hef aldrei áður búið í blokk svo þetta er ný reynsla fyrir mig,“ segir Jóhann Þór Ólafsson, Grindvíkingur sem er sestur að í Stefnisvogi í Reykjavík. Meirihlutinn af 55 íbúðum er leigður af Grindvíkingum svo segja má að lítið Grindavíkursamfélag sé búið að myndast í Stefnisvoginum.

Jóhann og sambýliskona hans, Sif Rós Ragnarsdóttir, eru bæði á kafi í hestamennsku og eiga hund. Blessunarlega var reglum í Stefnisvoginum breytt svo gæludýr er leyfð en þau hyggjast nýta sér úrræði ríkisins og selja eign sína í Grindavík og kaupa á nýjum stað. Hvernig verða reglur þess húsfélags varðandi dýrahald? Það er dýrara að vera með hesta í Reykjavík en í Grindavík svo það er ótal margt sem þarf að huga að varðandi næstu skref.

Jóhann er líklega þekktastur sem körfuknattleiksþjálfari en hann þjálfar lið Grindvíkinga sem er til alls líklegt í vetur og er eitt margra liða sem ætlar sér þann stóra í vor.

Sif, sem vinnur hjá Tegra í Kópavogi, var stódd í sinni vinnu föstudaginn örlagaríka 10. nóvember þegar allt lék á reiðiskjálfi í Grindavík en Jóhann var nýkominn heim úr sinni vinnu hjá Eimskip. „Ég var kominn heim um fjögurlyetið, ætlaði að leggja mig því ég var orðinn frekar dasaður eftir svefnlitlar nætur á undan vegna skjálftanna. Það var ekki séns að ná krúu því maður taldi frekar mínúturnar á milli skjálftanna en hversu lengi hver skjálfti var í gangi, þetta var á allt öðru stigi en ég hafði áður upplifað. Sif hringdi svo í mig og einfaldlega skipaði mér að koma til Reykjavíkur og við myndum gista hjá tengdó þessa nótt, við ætluðum svo bara að snúa til baka daginn eftir eins og allir Grindvíkingar. Ég fékk fyrirskipun um að pakka snyrtidóttinu hennar, einhverjum fötum og fór svo bara í íþróttabuxunum mínum, bol, úlpu og mætti á tásunum í inniskónum mínum. Ég fékk ekki háa einkunn hjá Sif fyrir þökkunina, tók bara helminginn af snyrtidóttinu og tvær nærbuxur, ég hafði bara engar áhyggjur, við vorum að fara koma heim daginn eftir en það reyndist aldeilis ekki vera raunin. Á mánudeginum gat ég skotist heim þegar okkur var gefinn kostur á að sækja það helsta á fimm mínútum og þann dag gátum við komist í íbúð sem Sigga systir gat reddað okkur. Hún stóð sig frábærlega, með mömmu og pabba erum við fjölskyldan alls fjórtán og strax á sunnudeginum var Sigga búin að redda okkur öllum í íbúð. Við þurftum svo að flytja okkur í Seljahverfið í Breið-

GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



holti, aftur var það Sigga systir sem reddaði okkur og við vorum í þeirri íbúð þar til við gátum flutt okkur hingað í Stefnisvoginn.“

Grindvíkingar í Stefnisvogi

Íbúðirnar í Stefnisvoginum voru upprunanlega ekki byggðar sem leiguíbúðir. Þær voru flestar tilbúnar til afhendingar í desember og eftir eldgosíð 14. janúar, þegar ljóst var að Grindvíkingar myndu ekki flytja aftur heim í bráð, hefur verið mikil umferð flutningabíla og Grindvíkingar að flytja búslóðir sínar inn á hið nýja heimili. Áður en hamfarirnar áttu sér stað var ætlunin að leigja íbúðirnar á almennum markaði en aðilinn sem sér um Stefnisvoginn gat ekki hugsað sér annað en hjálpa Grindvíkingunum og alls kyns tilslakanir voru gerðar, t.d. hvað varðar uppsagnarfrest og gæludýrahald. Flestir hafa gert eins árs leigusamning og heyra má á



Grindvíkingum að þeir eru mjög þakklátir en þurfa að laða sig að breyttum aðstæðum, t.d. er bara gert ráð fyrir einum bíl á íbúð og Grindvíkingar þurfa að aðlagja sig breyttum sorphirðumálum frá því sem þeir voru vanir í Grindavík.

Jóhann og Sif bjuggu í 168 fermetra raðhúsi í Grindavík, voru með tvo bíla og síðast en ekki síst voru þau með hesta í hesthúsabyggðinni austur í hverfi. Þau hafa þurft að aðlagja sig breyttum veruleika. „Við erum nýflutt hingað í Stefnisvoginn, við fengum að vera frítt í íbúðinni í Seljahverfinu og erum auðvitað ofboðslega þakklát fyrir það. Við hefðum getað flutt hingað fyrr, fyrir jól þess vegna, en höfðum hreinlega ekki orku í að

sækja búslóðina til Grindavíkur, það fór mjög vel um okkur í Breiðholtinu. Eftir 14. janúar var hins vegar ljóst að við værum ekkert að fara búa í Grindavík í bráð og þá var ekkert annað að gera en setja undir sig hausinn og flytja búslóðina. Þetta eru æðislegar íbúðir en vissulega er munur að fara úr 168 fermetra raðhúsi með þremur svefnherbergjum og bílskúr, í rúmlega 100 fermetra íbúð í blokk með tveimur svefnherbergjum. Ég hef aldrei áður búið í blokk svo þetta er ný reynsla fyrir mig. Leigusalinn er frábær, hann hefur gert alls kyns tilslakanir og við hefðum t.d. ekki flutt hingað ef við hefðum ekki mátt vera með hundinn okkar með. Við eigum fjóra hesta, einn veturgamlan og svo er von á tveimur folöldum í sumar. Við gátum komið þeim fyrir í Landeyjunum en hvar við getum haft þá nálægt okkur í framtíðinni verður bara að koma í ljós. Við vorum nýbúin að stækka hesthúsið okkar í Grindavík, hvort við fáum það bætt og þá hversu mikið vitum við ekki en það er mun dýrara að vera með hesta í Reykjavík en í Grindavík,“ segir Jóhann.

”

Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að við getum ekki keypt okkur sambærilegt hús hér á höfuðborgarsvæðinu eins og við eigum í Grindavík og þurfum að vanda valið því við erum með hund og þurfum að komast í fjölbýlishús sem leyfir gæludýr ...

Framtíðarheimili

Jóhann og Sif voru ennþá að taka upp úr kóssum þegar blaðamaðinn bar að garði. Það er ekki komin mikil reynsla á nýja heimilinu en þeim þykir vænt um að hitta oftast kunnugleg Grindavíkurlitlit þegar þau koma eða fara. Þau búa í Stefnisvogi 6, allar íbúðirnar þar eru með Grindvíkingum og meirihluti íbúa í öllum Stefnisvoginum eru Grindvíkingar. Grindvísku krakkarnir hafa búið sér til leiksvæði niðri í bilakjallaranum og þar er búið að koma upp pílu-spjaldi. Jóhann sér fyrir sér að allir íbúar komi saman niðri, grilli og hafi gaman en fólk er bara rétt svo að koma sér fyrir og það á eftir að koma í ljós hvernig þessi Grindavíkurbýggð muni þróast. Jóhann og Sif ætla sér að nýta úrræði ríkisstjórnarinnar og eru farin að svipast um eftir húsnæði til að kaupa.

„Við skuldum ekki mikið í húsinu okkar í Grindavík og ætlum okkur að nýta það sem ríkið er að bjóða okkur og kaupa nýja eign. Er þetta ekki kallað að láta peningana vinna fyrir sig? Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að við getum ekki keypt okkur sambærilegt hús hér á höfuðborgarsvæðinu eins og við eigum í Grindavík og þurfum að vanda valið því við erum með hund og þurfum að komast í fjölbýlishús sem leyfir gæludýr. Við erum búin að skoða nokkrar íbúðir en erum á byrjunarreit og ætlum að flyta okkur hægt.



Jóhann Þór og Sif Rós á heimili sínu í Stefnisvogi.

Okkar fyrsta val er höfuðborgarsvæðið, við erum bæði að vinna hér og erum ekki með ung börn sem við þurfum að koma í skóla svo ég á frekar von á að við setjumst að hér á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst Reykjanesið ekki vera spennandi kostur eftir síðustu atburði. Hver veit nema þessar náttúruhamfarir eigi eftir að teygja sig nær byggðinni þar? Síðasta svona skeið stóð yfir í þrjátíu ár, ef ég hef valið vil ég helst sleppa við þetta.“

Íslandsmeistarafeni

Jóhann Þór er kominn af mikilli körfuboltafjölskyldu en faðir hans, Ólafur Þór Jóhannsson, lék lengi með Grindavík og öll systkini hans hafa orðið Íslandsmeistarar með Grindavík, Sigríður Anna árið 1997 og yngri bræður hans, Þorleifur og Ólafur, árið 2012 og 2013. Þorleifur þjálfar kvennalið UMFG í dag og Ólafur er fyrirliði karlaliðsins sem Jóhann Þór þjálfar. Jóhann var aðstoðarþjálfari þegar titlarnir mættu í hús árið 2012 og 2013, hann þjálfaði kvennalið UMFG tímabilið 2013 og 2014 og tók svo við karlaliðinu árið 2016. Illa gekk á þessu fyrsta tímabili en árið eftir kom hann liðinu alla leið í úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn á móti KR, eftir að liðið lenti 0-2 undir í úrslitarimmunni. Hann tók sér pásu frá þjálfun eftir tímabilið 2019 og tók svo óvænt við má segja fyrir síðasta tímabil. Eftir það tímabil kallaði Ólafur bróðir hans eftir meiri metnaði og úr varð að Grindavík er með lið í höndunum í dag sem getur farið alla leið. Það versta fyrir Grindvíkinga er að hið minnsta fimm önnur lið telja sig vera í sömu sporum, mótið hefur aldrei verið eins jafnt.

„Það er búinn að vera sláttur á okkur, því er ekki að neita. Við erum búinir að vinna sjö leiki í röð í deildinni en töpuðum því miður í bikarnum fyrir Álfanesi, það hefði verið frábært ef bæði lið Grindavíkur hefðu mætt í Laugardalshöllina í bikarvikunni. Við gerðum breytingar um áramótin, sendum Króatann heim og fengum Spánverjann Julio De Assis í staðinn. Hann hefur smellpassað inn í það sem við viljum gera og fleiri leikmenn hafa stigið upp í leiðinni. Daniel Mortensen virðist njóta þess að fá systur sína í kvennaliðið

og Deandre Kane á bara eftir að vaxa held ég. Hann er líklega besti leikmaður sem ég hef þjálfað, með ótrúlegan leikskilning og er góður á báðum endum vallarins. Síðast en ekki síst er hann ótrúlegur keppismaður sem þolir hreinlega ekki að tapa. Það hefur stundum gústað í kringum hann þegar illa gengur því hann gerir sömu kröfur til liðsfélaga sinna og síns sjálfs og oft má rangtúlka hegðun hans séð úr stúkunnunni. Málið er bara að liðsfélagar hans dýrka að spila með honum og þeir hafa bætt sig mjög mikið með því að spila með honum, ekki síst þeir ungu sem læra eitthvað nýtt af honum á hverjum degi nánast. Ég er mjög ánægður með hann og liðið í heild sinni, við eigum helling inni ennþá og þá sérstaklega sóknarmegin og ég hlakka til lokaspenningsins í deildinni og svo komandi úrslitakeppni. Það er búinn að vera sláttur á okkur en deildin er svo jöfn að tvö töp geta auðveldlega þýtt að við erum í baráttu um að komast inn í úrslitakeppni, sömuleiðis er stutt í toppinn en við verðum bara að vera á tánum. Það eru allavega fimm lið sem hugsa nákvæmlega eins og við, önnur þrjú sem telja sig líka geta gert atlögu að titlinum, mótið er fíranlega jafnt þar sem pínulítil atriði geta skipt sköpum.“

Áfram afreksstarf

Hvað varðar framtíð íþróttanna Grindavíkur, trúi ég staðfastlega að við öll munum gera allt sem í valdi okkar stendur til að halda afreksstarfinu gangandi. Það hefur sýnt sig í vetur að Grindvíkingar líta á þessa leiki sem tilefni til að koma saman og hittast. Ef þetta dettur upp fyrir, sama hvort það er meistaraflokksleikur í körfubolta eða fótbolta, er ég fyrst hræddur um að samfélagið liðist í sundur. Ef við getum haldið áfram að hittast svona sem Grindvíkingar að styðja okkar lið, ýtir það undir að við tilheyrum grindvísku samfélagi. Krafan í ár hjá okkur er að vinna titla, kannski verður ekki raunhæft að gera sömu kröfu á meðan ástandið verður svona áfram í Grindavík en það skiptir ekki máli. Aðalatriðið er að geta komið saman, stutt okkar lið og fagnað sigri eða verið fúllir yfir tapi,“ sagði Jóhann Þór að lokum.

Grindavíkurbýggðin í Stefnisvogi.



Létt yfir nöfnunum á heimaleik í Grindavík. Jóhann Þór, aðalþjálfari, og Jóhann Árni, aðstoðarþjálfari.





Ætlar ekki að verða síðasti framkvæmdastjóri UMFG

KVENNALIÐ GRINDAVÍKUR TIL ALLS LÍKLEGT UNDIR STJÓRN LALLA

„Ég vil hjálpa öllum deildum Ungmennafélags Grindavíkur [UMFG] og hlúa að þeim sem finna sig ekki innan hefðbundinna íþróttagreina,“ segir nýráðinn framkvæmdastjóri UMFG, Þorleifur Ólafsson.

Fyrir utan nýja starfið er Þorleifur á sínu þriðja ári sem þjálfari kvennaliðs UMFG í körfu en liðið er til alls líklegt í baráttunni sem framundan er.

Lalli eins og hann er jafnan kallaður, var búinn að vera velta fyrir sér hvort hann ætti að sækja um starf framkvæmdastjóra UMFG en umsóknarfresturinn rann út 12. nóvember. Föstudaginn 10. nóvember urðu auðvitað straumhvörf þegar fyrri rýmingin átti sér stað en helgina ætlaði Lalli að nota til að klára umsókn sína, hann taldi sig vera fara í skjálftafri en raunin reyndist önnur.

„Ég ætlaði mér að fínþússa ferilskrána þessa helgi en þurfti að yfir-

gefa heimilið svo umsókn mín var nú bara stuttur tölvupóstur. Vegna aðstæðna fékk ég að senda inn ítarlegri umsókn og var, að mér skilst, einn af u.þ.b. tíu umsækjendum. Ég var kallaður í viðtal og náði greinilega að heilla því ég endaði á að fá starfið sem ég er mjög þakklátur fyrir. Þegar ég hugleiddi að sækja um starfið var ég með mínar hugmyndir um hvernig ég sæi það fyrir mér. Þegar ég sá starfið auglýst kom fram að nokkru leyti hver starfslýsingin væri en ég hafði

líka mínar hugmyndir um það og við náðum saman um það, ég og stjórn UMFG. Fljótlega kom svo í ljós að fyrri starfslýsing og allar okkar hugmyndir, voru orðnar úreltar því vinnuumhverfið í dag er allt annað en það var fyrir 10. nóvember. Óvissan í dag er auðvitað mjög mikil, hvernig ætlum við að haga afreksstarfinu, hvar verður heimavöllurinn, ótal svona pælingar eru upp á borðum í dag, sem var alls ekki raunin fyrir 10. nóvember. Mitt markmið er í raun einfalt, ég ætla mér ekki að verða síðasti framkvæmdastjóri UMFG. Hvað er ég að meina með því? Ég ætla mér að láta UMFG lifa um ókomin ár.“

Breyttar forsendur

Það er Grindavíkurbær sem styrkir UMFG en núverandi samningur Grindavíkurbæjar við UMFG gildir út þetta ár, það er nokkuð ljóst að breyting verður á því allt aðrir forsendur eru fyrir hendi í dag. Það er kannski ekki síst styrktaraðilanna að ákveða hver framtíð afreksstarfs í íþróttum verður í Grindavík. Lalli er vongóður um góða lendingu í þeim efnum.

„Það er nokkuð ljóst að samningurinn við Grindavíkurbæ verður ekki endurnýjaður í sömu mynd og hann er núna en vonandi verður gerður einhver samningur. Kannski mun ríkið koma að þessu, þetta er jú ein forsenda þess að halda samfélagi saman, að halda úti ungmennafélagi. Það hefur verið frábært að sjá mætinguna á marga leiki meistaraflokka Grindavíkur í körfu í vetur. Fólk sem annars var ekki að mæta á leiki er farið að láta sjá sig, bara til að hitta aðra Grind-

”

Það hefur verið frábært að sjá mætinguna á marga leiki meistaraflokka Grindavíkur í körfu í vetur. Fólk sem annars var ekki að mæta á leiki er farið að láta sjá sig, bara til að hitta aðra Grindvíkinga. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt atriði ...

víkinga. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt atriði. Kannski er ekki raunhæft að ætla halda áfram að stefna í hæstu hæðir í körfu- og fótbolta en við Grindvíkingar höfum ekki þekkt neitt annað til þessa. Hugsanlega þurfum við eitthvað lækka kröfurnar á næstunni en við erum alls ekki komin út í þannig hugsunarhátt ennþá. Núna erum við bara að spá í hvaða mynd við getum haldið þessu áfram og eftir það getum við betur séð hvernig framhaldið verður. Ég sé alveg fyrir mér að sameina okkar lið öðrum liðum í yngri flokkunum, það er verið að skoða marga möguleika.“

Mikil óvissa

„Hvernig mitt starf verður mun einfaldlega koma í ljós. Áður en þessar hamfarir áttu sér stað sá ég fyrir mér að ég væri á venjulegum skrifstofutíma í vinnunni, væri að aðstoða allar deildir við sinn daglega rekstur. Starf sjálfbóðaliðans í íþróttastarfi verður alltaf að vera til staðar, mitt starf er að vera stjórnun deildanna til halds og trausts. Ég er keppismaður og vil sjá ákveðna keppni á milli deilda, við eigum auðvitað alltaf að stefna í hæstu hæðir en svo getum við líka unnið saman, sbr. þorablótið og öll vinnan í kringum það. Það að vera í stjórn íþróttadeilda

er mikil vinna og ég vil alls ekki stíga á tærnar á stjórnarfólki en vil geta verið þeim innan handar. Það verður fróðlegt hvernig þetta ár mun þróast, það er mikil óvissa í gangi en verður bara spennandi að ráða fram úr henni með stjórnun deildanna. Ég vil hlúa vel að þeim sem finna sig ekki innan þessara hefðbundnu íþróttagreina eins og körfu- og fótbolta. Þeim krökkum var oft ýtt út í sund eða júdó t.d., það er mjög flott starf unnið í pílu-kastinu heima og svo vil ég að við skoðum rafíþróttirnar vel. Það eru að spretta upp flottar deildir í því sporti hjá öðrum félögum, því skyldum við hjá UMFG ekki skoða það líka? Ég hef verið spurður að því hvort ég sjái um leikjaskrárnar fyrir fótbolta og körfuna. Ég sé ekki að ég geti séð um það einn en að halda utan um þau verkefni er eitthvað sem ég sé alveg fyrir mér. Þetta er risastórt verkefni og þarf margar hendur. Ég sé mitt hlutverk kannski mest í því að halda utan um það, sjá til þess að stjórnarfólk sé búið að hringja í fyrirtækin og þeir sem taka viðtöl og skrifa greinar, skili því af sér svo leikjaskrárnar komi út á réttum tíma,“ segir Lalli.

Meistarafni?

Lalli er á sínu þriðja ári sem þjálfari kvennaliðs UMFG í körfu. Liðið hefur staðið sig mjög vel í vetur, er í þriðja sæti í efri hluta deildarkeppninnar og er auk þess komið í undanúrslit í bikarnum og mætir þar Þór frá Akureyri. Liðið gat nýlega bætt við sig bandarískum leikmanni því Danielle Rodriguez fékk íslenskan ríkisborgararétt í lok síðasta árs. Lalli er bjartsýnn á framhaldið.

„Við höfum styrkt okkur talsvert, fengum hina dönsku Sarah Mortensen eftir áramótin og vorum að ráða nýjan bandarískan leikmann. Hún er bakvörður og er með flotta ferilskrá. Það hefur líklega aldrei verið bandarískur leikmaður á leiðinni til Íslands sem á ekki að vera góður eða jafnvel mjög góður, við skulum sjá hvað setur. Við eigum líka Heklu Eik Nökkvadóttur inni, hún hefur verið að glíma við meidsli en ég vona að það sé stutt í að hún geti byrjað aftur. Með fullmannaða hersveit er ég fullur bjartsýni varðandi okkar gengi, ég tel okkur vera með lið sem getur farið alla leið. Kvinnakarfan hefur ekki verið svona jöfn lengi og það er jákvætt, ég er mjög spenntur yfir framhaldinu,“ sagði Lalli að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Orlofshús VSFK Páskar 2024

Opnað hefur fyrir páskaumsóknir inn á orlofssíðum VSFK vsfk.is (grænn takki merktur Orlofsvefur) eða orlof.is/vsfk

Eftirtalin orlofshús félagsins verða leigð út um páskana:

- 3 hús í Svignaskarði
- 1 hús í Húsafelli (hundahald leyft)
- 2 hús í Ölfusborgum
- 4 hús við Syðri Brú (Grímsnesi) (hundahald leyft í húsi nr.10)
- 1 íbúð í raðhúsi að Núpasiðu 8h, á Akureyri

Útleigutímabil er frá miðvikudeginum 27. mars til og með miðvikudagsins 3. apríl 2024.

Félagsmenn fara inn á www.orlof.is/vsfk og skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, fylla skal út páskaumsókn þar með allt að fjórum valmöguleikum.

Einnig er hægt að fara inn á vsfk.is og smella á Orlofsvefur (grænn takki)

Umsóknarfrestur er til kl. 23.59 fimmtudagsins 29. febrúar 2024.

Úthlutað verður samkvæmt punktakerfi.

Umsóknir fyrir sumarið 2024 opna 8. mars og verða opnar til 29.mars.

Orlofsstjórn VSFK



Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis

Einar og Arnór Daði taka við liði Þróttar Vogum

Einar Einarsson og Arnór Daði Jónsson hafa tekið við stjórn meistaraflokks Þróttar í körfuknattleik og stjórnðu sinni fyrstu æfingu í gærkvöldi.

Einar spilaði fyrir Keflavík, Tindastól og ÍA á sínum leikmannafæri og hefur víða komið við á sínum þjálfarafæri, gerði m.a. Grindavík að bikarmeisturum 2006. Einnig hefur Einar þjálfað Keflavík og Hauka í meistaraflokki.

Arnór Daði Jónsson, sem hefur verið aðstoðarþjálfari fráfarandi þjálfara, verður annar aðalþjálfari liðsins með Einari.

„Er ungur og ákafur“

Arnór Daði Jónsson er af mörgum talinn einn efnilegasti þjálfari landsins. Hann þjálfar sjöunda til tíunda flokk stúlkna hjá Keflavík og mun halda því áfram samhliða þjálfuninni hjá Þrótti. Víkurfréttir slógu á þráðinn til Arnórs Daða.

Arnór hefur verið Guðmundi Inga Skúlasyni til aðstoðar í vetur en hvernig list honum á að taka við liðinu?

„Mér list bara vel á það. Ég er búinn að vera að aðstoða Mumma á bekknum í leikjum en ekkert verið á æfingum með liðinu, þannig að ég þekki hópinn ágætlega.“

Það er ekki hægt að neita því að þessi tíðindi koma á óvart enda hefur Þrótturum vegnað vel undir stjórn Mumma.

„Já, hann er búinn að gera frábæra hluti með liðið og það verður ekki af honum tekið. Stjórnin hefur séð einhverja ástæðu fyrir þessum breytingum en ég er ekkert að spá



Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

í það, ég mun bara einbeita mér að verkefninu sem er framundan,“ segir Arnór Daði.

Sérðu fyrir þér einhverjar áherslubreytingar á leik Þróttar?

„Það er stutt í úrslitakeppnina svo við höfum ekki tíma til að fara í neinar róttækar breytingar, það verða þó alltaf einhverjar áherslubreytingar með nýjum þjálfurum. Einar kemur með gríðarlega reynslu og þekkingu á leiknum inn í þjálfunina og svo er ég ungur og ákafur – þetta er fin blanda held ég.“

Þú átt nú ekki langt að sækja þjálfaragenin, heldurðu að þú eigir ekki eftir að leita í gagnabanka þabba þíns [Jóns Halldórs Eðvaldssonar]?

„Jú, það er gott að geta leitað til hans og hann er óspar á ráðin.“

Ég hef verið duglegur að gera það samhliða þjálfun minni hjá Keflavík, núna er ég hins vegar að fara að þjálfra í Vogum með öðrum reynslubolta. Einar er mjög sigursæll þjálfari og ég mun nýta mér reynslubankann hans til fulls þar.“

Þróttur hefur verið á hraðri uppleið í körfunni, hefur farið úr þriðju deild upp í þá fyrstu á tveimur tímabilum og er núna um miðja deild. Er Þróttur að tryggja sig í sessi sem enn eitt afreksliðið í körfunni á Suðurnesjum?

„Það er alla vega vilji til þess. Það er búið að vinna mjög metnaðarfullt starf hérna og metnaðurinn er mikill hjá stjórninni. Hvort við Einar höldum áfram með liðið kemur í ljós, við verður út tímabilið til að byrja með og tökum svo stöðuna,“ sagði nýráðinn þjálfari meistaraflokks Þróttar í körfuknattleik, Arnór Daði Jónsson.



Stjórnarmenn Þróttar með nýjum þjálfurum liðsins. Þar sem ekki var hægt að æfa á Suðurnesjum í gærkvöldi fór æfingin fram í Kópavogi.



Arnór Daði þjálfar einnig stúlknaflokk hjá Keflavík.



Ekkert lát á sigurgöngu Elsu

Elsa Pálsdóttir varð Evrópumeistari í -76 kg flokki í Master 3 á EM öldunga í Malaga á Spáni í byrjun vikunnar.

Elsa setti glæsilegt heimsmet í hnébeygju og varð þriðja stigahæst allra keppenda í Master 3.

Á myndinni er Elsa að taka á móti verðlaununum. Mynd/Massi

1X2 „PRUMAÐ Á PRETTÁN“

Gunnar Már stóð við stóru orðin

Hinn yfirlýsingaglaði Gunnar Már Gunnarsson frá Grindavík stóð við stóru orðin á laugardaginn en þá hafði hann betur gegn Gísla Hlyni Jóhannssyni, 9-7. Þrátt fyrir tapið getur Gísli borið höfuðið hátt, hann náði að skjóta sér í fjórða sætið í heildarleiknum, endaði með 23 rétta leiki. Grétar Ólafur Hjartarson er langefstur með 46 rétta, Hámundur Örn Helgason er með 34, Jónas Þórhallsson er með 26 og Gísli Hlynur með 23.

Enginn Íslendingur náði öllum þrettán leikjumum réttum en alls náðu 38 Skandinavarnar þeim áfanga og fær hver um sig tæpar 2,5 milljónir í sinn hlut. Tæplega 1.000 tipparar náðu tólf réttum, þar af 38 Íslendingar, og skilaði það 35 þúsund krónum.

Áskorandi vikunnar er Keflvíkingurinn Sverrir Þór Sverrisson, málari og auk þess þjálfar hann kvennalið Keflavíkur í körfuknattleik. Sverrir var mikill íþróttamaður á sínum tíma og lék langt yfir þrítugsaldurinn bæði í knattspyrnu og körfuknattleik. Hann spilaði bæði með Keflavík og Grindavík í úrvalsdeild í knattspyrnu og lék lengst af með Keflavík í körfuknattleik og vann nokkra Íslands- og bikarmeistaratitla með þeim. Þegar leikmannafærlinum lauk tók við körfuknattleiksþjálfun, hann gerði Njarðvík af tvöföldum meisturum kvennamegin árið 2012 og gerði karlalið Grindavíkur að Íslandsmeisturum árið eftir. Gulir tóku bikarinn árið 2014 undir stjórn Sverris og ári síðar tók hann líka við kvennaliði félagsins og landaði bikaranum. Hann gerðir Keflavík-urkonur að tvöföldum meisturum árið 2017, þær urðu bikarmeistarar árið eftir og hann tók við liðinu

aftur fyrir þetta tímabil og er með þær í efsta sæti auk þess sem liðið er komið í undanúrslit í bikarnum. Sverrir er gallharður stuðningsmaður Liverpool en hann innrétaði málaraverkæðið sitt í Liverpool-stíl og þar horfir hann ásamt félagum sínum á Rauða herinn, þ.e.a.s. þegar hann fer ekki sjálfur á Anfield en Sverrir hefur verið ársmeðhafni hjá Liverpool í nokkur ár. Sverri list vel á að glíma við annan Pool-ara.

„Mér list vel á að mæta Gunnari Má. Ég veit hvað hann hefur unnið gott starf fyrir knattspyrnu deild Grindavíkur í getraunastarfinu, það er óskandi að við Keflvíkingar getum fundið svona aðila til að sjá um getraunastarfið fyrir félagið. Ég veit að Gunni er gallharður stuðningsmaður Liverpool eins og ég og eigum við ekki að segja að hér mætist stálin stinn. Þó svo að Gunni sé stundum kallaður getraunaguð Grindavíkur hræðist ég hann ekki neitt, ég hef fulla trú á mér í gliminni gegn honum,“ sagði Sverrir.

Gunnar Már var hógværi eftir sigurinn gegn Gísla. „Ég vil þakka Gísla fyrir drengilega keppni, þetta var nokkuð lunkinn seðill sem sést best á því að enginn Íslendingur náði þrettán réttum. Að byrja á að ná níu réttum er ágætis byrjun en ég ætla mér stóra hluti í þessum leik Víkurfréttar. Þetta eru auðvitað frábær verðlaun, að fara á sjálfan úrslitaleikinn í enska bikarnum. Þar sem þetta er síðasta tímabil Jurgen Klopp með liðið geri ég ráð fyrir að mínir menn muni leggja allt í sölnurnar og kæmi mér ekki á óvart að ég verði vitni að glæstum sigri minna manna á Wembley 24. maí. Ég ætla mér auðvitað ekkert annað en sigur í þessum leik og get ekki sagt að ég hafi miklar áhyggjur af Sverri í næstu umferð. Hann var auðvitað frábær íþróttamaður, jafnvígur á fætur og hendur en það er allt annað sem gildir í að tippa, ég geri því ekki ráð fyrir öðru en slakta honum nokkuð auðveldlega,“ sagði hinn hógværi Gunnar Már að lokum.

	Gunnar	Seðill helgarinnar	Sverrir
	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.City - Chelsea	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Burnley - Arsenal	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Tottenham - Wolves	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Fulham - Aston Villa	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Newcastle - Bournemouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Nott.Forest - West Ham	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Birmingham - Sunderland	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Bristol City - Q.P.R.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Huddersfield - Hull	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Norwich - Cardiff	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Preston - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Stoke - Coventry	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Swansea - Ipswich	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Forstöðumaður

Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar

(flokktjóri 100% starf)

Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar

(flokktjóri 50% starf)

Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir

(flokktjóri)

Umsjónaraðili samskipta (aðstoðarforstöðumaður)

Umsjónaraðili verklegs starfs (yfirflokktjóri)

Önnur störf

Akurskóli - Umsjónarkennari á miðstigi

Duus safnahús - Helgarstarf

Duus safnahús - Móttöku- og kynningarfulltrúi

Félagsmiðstöð Háaleitisskóla - Umsjónarmaður

Hæfingarstöðin - Starfsmaður í ræstingar

Stapavellir - Starfsmaður á heimili fatlaðs fólks

(sumarstarf)

Velferðarsvið - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna.

Velferðarsvið - Starfsfólk í stuðningsþjónustu við börn

Velferðarsvið - Sumarstarf í íbúðarkjarna

Velferðarsvið - Teymisstjóri ráðgjafar og virkniteymis

Ævintýrasmiðjan - Leiðbeinandi

Ævintýrasmiðjan - Umsjónarmaður

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislu?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
I KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

Að gyrða sig í brók

Heitt vatn rennur nú loksins um veitukerfið á Suðurnesjum. Þökk sé framtakssömum verkamönnum sem lögðu dag við nótt við að leysa flókna stöðu sem upp var komin. Skemmdir vegna heitvatnsleysisins verða væntanlega að koma í ljós fram eftir sumri.

Steini á hótelinu var fyrir löngu búinn að kaupa sér alvöru rafstöð til að halda sínum rekstri gangandi. Forsjáll hann Steini.

Um 30.000 manns þurftu að ferðast um 100 km til þess eins að komast í það áður en Sporthús-menn, þeir Ari og Þröstur, fundu lausn við heitvatnsleysi og gátu boðið fólki í heitt bað, sem bæjarstjórnir þáði með þökkum.

Fyrir um 50 árum stofnuðu sveitarfélögin á Suðurnesjum Hita-

veitu Suðurnesja. Með árunum var því fyrirtæki skipt um í tvö sem bæði eru nú í einkaeigu. Einkavæðing er í sjálfu sér ekki slæm ef hún færir bæði eigendum og viðskiptavinum ábata. Að eigendur sýni samfélagslega ábyrgð. Í tilvikinu HS Orku og HS Veitna virðist pottur brotinn.

Eigendur hafa greitt sér tugi milljarða í arð á síðustu árum en brugðist samfélagslegri skyldu sinni að halda þeim kerfum sem þeir bera ábyrgð á í sómasamlegu ástandi. Þegar einkaaðilar bregðast þannig er ekkert annað að gera en taka upp Pútínskar aðferðir og þjóðnýta samfélagslega mikilvæga innviði. Að sjálfsögðu eiga eigendur HS Orku að greiða fyrir varnargarðinn umhverfis orku-

verið, nóg er til. Það gengur ekki að einkavæða hagnaðinn en láta samfélagið svo taka áföllin. Eftir situr hins vegar spurningin hvað við ætlum að gera ef orkuverið í Svartsengi fer undir hraun? Það er ekki ólíklegt miðað við spár fræðimanna sem nú spá því að umbrot geti verið á Reykjaneskaganum næstu áratugi. Hugsanlega liggur svarið bara hjá honum Steina. Suðurnesjamenn þurfa að eiga varaafstöð sem keyrð er áfram á dísilolíu eða er nú möguleiki að gamla góða kísilverslóðin fari að koma að góðum notum. Kynda undir ofninum á gamla mátann og hita vatn.

Það ástand sem kom upp í síðustu viku vekur upp ótal margar spurningar sem leggjast verður yfir

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSSONAR

og skipuleggja til framtíðar. Þetta má ekki gerast aftur. Bæjarstjórnir á svæðinu verða að taka forystu. Þær bera líka ábyrgð á stöðunni. Kjörnir fulltrúar borgaranna.


Við þekkjum það of vel á Íslandi að fólk er tilbúið að þiggja feita launatékka í opinberum embættum og í einkageiranum fyrir að bera ábyrgð en þegar kemur að því að axla hana er ekkert um efndir.



Mundi

Má bjóða þér vatn eða gos?

LENTU SKEMMDAR Í KEFLAVÍK EFTIR ÁREKSTUR Í HÁLOFTUNUM



Eins og sjá má er stél vélarinnar talsvert skemmt eftir að vinstri sknúfa annarar vélarinnar hafði rekist í stéllið. Á myndinni til hægri má sjá báðar vélarinnar.

VF/pket

Alvarlegt flugatvik varð undan ósum Ölfusár á sunnudag þegar tvær einkaflugvélar rákust saman á flugi. Vélarinnar voru flughæfar eftir áreksturinn í háloftunum og lentu á Keflavíkurlugvelli. Flugvélar eru af gerðinni Kingair B200, báðar á erlendri skráningu, sem verið var að ferjufljúga frá Belfast á Norður-Írlandi til Norður-Ameríku. Flugmaður og einn farþegi voru í annarri vélinni en flugmaður í hinni.

„Rannsóknarnefnd samgönguslysa er með umrætt alvarlegt flugatvik til rannsóknar,“ staðfesti Ragnar Guðmundsson stjórnandi rannsóknar hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa í svari við fyrirspurn Víkurfréttanna sem sögðu fyrst frá atvikinu.

Umræddar flugvélar lentu á Keflavíkurlugvelli en flugmenn þeirra tilkynntu ekki um atvik. Það var ekki fyrr en þjónustuaðilar flugvélaanna sáu að þær voru skemmdar að flugmennirnir

greindu frá því sem hafði gerst. Þá var kölluð til lögregla og fulltrúar Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

RÚV hefur eftir Ragnaði Guðmundssyni hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa að vinstri sknúfa annarar flugvélarinnar hafi rekist í stéllöt hinnar. Báðar eru vélarinnar skemmdar eftir atvikið og ekki í flughæfu ástandi.

Lögreglan á Suðurnesjum er einnig með atvikið til skoðunar hjá embættinu.



ENGAR TÍMAPANTANIR

ÖLL ALMENN SMURÞJÓNUSTA OG SMÁVIÐGERÐIR



Kíktu með bílinn til okkar á Vatnsnesveg 16. Alltaf heitt á könnunni!



OPNUNARTÍMAR

Mánud. - fimmtud. 08:00 - 17:00 • Lokað í hádeginu
Föstudaga 08:00 - 13:00 • Opið í hádeginu



SKK Smur ehf - Smurstöðin Kef
Vatnsnesvegi 16 • 230 Reykjanesbæ • sími 421 4543